

# Sóknarfærni

Mái 2019

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi



**Gleðilega sjómanna dagshátíð!**



# Sjómannsstarfið mörgum framandi



Jóhann Ólafur Halldórsson  
ritstjóri skrifar.

Sjómennskan hefur í gegnum tíðina haft yfir sér svolítið rómantískt yfirbragð. Ekki hvað síst á þessum árstíma þegar sjómenn koma í land og gera sér glaðan dag með sér og sínum. En um leið er það svo að Íslendingar gera sér almennt grein fyrir því að sjómennskan er langt frá hættulaus. Það þarf ekki að fara langt aftur sögunni til að finna alvarleg sjóslys og þeirra er jafnan minnst á sjómannadegi sem hafa látið líf sitt í sjómenskunni við Ísland. En um leið er full ástæða til að gleðjast yfir þeim árangri sem hefur náðst í öryggismálum, sem ekki hvað síst birtist í því að banaslys hefur ekki orðið á sjó hér við land í á þriðja ár. Starf Slysavarnaskóla sjómanna á sinn þátt í þessu, sömuleiðis betri skip og almenn vitund um öryggismál og slysaforvarnir. Margar útgerðir vinna einnig markvisst starf á þessu sviði og hafa virkt skráningarkerfi fyrir bæði óhöpp sem verða í skipum og einnig atvik þar sem svo er metið að slys hefði getað orðið. Af slíkum tilvikum má læra og koma í veg fyrir að þau hendi aftur. Að gera sjómannsstarfið öruggara er einn

allra mikilvægasti þátturinn sem að hagsmunabaráttu sjómanna snýr.

En skiptir það máli að halda í þessa hefð að helga sjómönnum sérstaklega einn dag á ári og stefna öllum fiskiskipafлотanum í land af því tilefni? Margir tína til mörg rök því til stuðnings að sérstakur sjómanna dagur sé barn síns tíma. Nálægð sjómannsstarfsins og útgerðar er ólíkt meira í sjávarplássum út um landið en á höfuðborgarsvæðinu þar sem stærstur hluti landsmanna býr. Þar af leiðandi er gildi sjómanna dagsins sem slíkt eflaust meira í sjávarplássunum út um landið en hins vegar er vert að hafa í huga að Reykjavík er þrátt fyrir ein af stærstu verstöðvum landsins. Með hátíðarhöldum við Reykjavíkurbíó um sjómanna dags- helgina gefst tækifæri sem þúsundir borgarbúa og gesta borgarinnar nýta sér og þar eru ýmsir viðburðir sem tengjast veiðum, sjómennsku og fiskvinnslu sem eru fræðandi fyrir börn sem fullorðna. Þó svipuð hugsun sé víða um land með hátíðarhöldum þá eru þau að sjálfsögðu

ekki síður mikilvæg til að gefa sjómönnum og fjölskyldum þeirra tækifæri til að gleðjast saman.

Sjávarútvegur er engu að síður orðinn mun fjarlægari fólki en áður var. Það fylgir aukinni fjölbreytni í samfélagsgerðinni. Í stóru ljósvakamiðlunum sjást sjaldan myndir eða er fjallað um sjómenn við störf sín úti á sjó. Sjómannsstarfið sem slíkt er því mörgum afar framandi og skipin sjálf fyrst og fremst táknmynd sjómenskunnar. Starfið er líka hjá mörgum talsvert frábrugðið því sem var fyrir fáeinum áratugum, sér í lagi hjá þeim sem starfa í nýjustu fiskiskipum flotans. En það breytir ekki hinu að áfram verða hagsmunamálin þau sömu, sérstaklega öryggismálin, líkt og alltaf hefur verið. Sjómanna dagurinn er því tækifæri til að minna á stöðu og hagsmunabaráttu sjómanna – sem og sjávarútveg sem atvinnugrein. Ekki veitir af að undirstrika að þrátt fyrir allt erum við sjávarútvegspjóð, númer eitt, tvö og þrjú.

## Það er gaman að vinna í fiski!

Ragnheiður Sigurkarlsdóttir, fiskverkakona í Vestmannaeyjum, hefur unnið í fiski í yfir 40 ár

„Ég hef alltaf haft gaman af því að vinna í fiski. Annars hefði ég ekki verið svona lengi í þessu starfi,“ segir Ragnheiður Sigurkarlsdóttir í Vestmannaeyjum sem steig sín fyrstu skref í fiskvinnslu í sumarstarfi í Þorlákshöfn árið 1977, fluttist síðan til Vestmannaeyja og gerði fiskvinnu að sínu lífsstarfi.

Ragnheiður starfar í dag á snyrtilínunni í fiskvinnslu Leo Seafood í Vestmannaeyjum sem áður hét Goothab í Nöf en áður starfaði hún hjá Ísfélagi Vestmannaeyja. Hennar aðal starf hefur því í gegnum tíðina snúist um vinnslu á bol-fiski en einnig vann hún í uppsjávarvinnslu Ísfélagsins á sínum tíma. Ragnheiður hefur nú minnkað við sig starfshlutfall sem hún er ánægð með að sé í boði hjá fyrirtækinu en hlutastörf segir hún almennt ekki tíðkast í fiskvinnslu í dag.


### Langur vinnudagur

„Almennt er miðað við að vinnudagurinn hjá okkur sé frá kl. 7 á morgnana til kl. 15 en þetta getur verið breytilegt eftir fiskafla. Oft er byrjað fyrr, eða kl. 5 á morgnana þannig að vinnudagurinn getur verið langur hjá starfsfólkinu. Í dag vinn ég frá kl. 8 til 13 og líkar þetta fyrirkomulag mjög vel. Við erum eina fiskvinnslan hér í Eyjum þar sem í boði er að vinna hlutastarf. Þetta hentar bæði þeim sem eldri eru og vilja minnka við sig vinnu en einnig yngri konum sem kannski eru með börn og hafa ekki tök á að byrja snemma á morgnana eða vinna langt fram á daginn,“ segir Ragnheiður sem hefur í gegnum tíðina kynnst fjölbreyttum störfum í fiskvinnslunni, allt frá tækjavinnu til snyrtingar en



■ Ragnheiður á snyrtilínunni. Hún segir mikla tækniframfarir breyta fiskvinnsluhúsum verulega. Þó störfin verði léttari þá muni það seint geta talist létt verk að vinna í fiski.

Myndir: Óskar P. Friðriksson



■ Ragnheiður Sigurkarlsdóttir, fiskverkakona hjá Leo Seafood í Vestmannaeyjum, byrjaði að vinna í fiski í Þorlákshöfn árið 1977.

í dag vinnur hún á snyrtilínunni. Hjá Leo Seafood voru fyrir skömmu gerðar tæknibreytingar og tekin í notkun vatnsskurðarvél sem

breytir talsvert vinnunni í vinnslunni og snyrtingunni.

„Ég hef trú á því að þessi nýja tækni sem er að koma í vinnslunni eigi eftir að breyta miklu á þessum vinnustöðum. Það þarf samt eftir sem áður að taka flökin og snyrta áður en þau fara í bitaskurðinn en vélin sker t.d. beingarðinn úr þannig að vinnslan gengur hraðar en áður. Afköstin eru meiri,“ segir Ragnheiður.

### Aldrei verið létt að vinna í fiski

Á löngum ferli í fiskvinnslunni segist Ragnheiður hafa upplifað miklar breytingar. Í dag sé meira vélrænt og af sem áður var þegar þurfti að bera yfir 20 kílóa fiskbakka á höndum. Líkamlega erfið-ið hafi minnkað.

„Störfin eru vissulega léttari hvað þetta varðar en það hefur samt aldrei talist létt að vinna í fiski. Það tekur líka á að vinna á snyrtilínu, sér í lagi er álag á axlir og skurðarúlnið þannig að lík-



■ Séð yfir vinnslusalinn í Leo Seafood.

amlega álagið er alltaf til staðar. En í snyrtilínunni sem við erum kominn með núna höfum við stóla til að sitja á þannig að álagið á fætur er ekki eins mikið og áður. Það finnst mér mikill munur.“

Eitt af því sem tekið hefur breytingum í árána rás er launafyrirkomulagið en á sínum tíma var einstaklingsbónuskerfið afnumið en hópbónuskerfi tíðkast enn. Ragnheiður segir tekjumöguleikana hafa verið meiri þegar einstaklingsbónusinn var og hét.

„Mín tilfinning er sú að á þeim tíma hafi tekjurnar hlutfallslega verið meiri en í dag. Ég tel að menn hafi samið af sér þegar bónusinn var færður inn í tímakaupið en vissulega voru líka ókostir við einstaklingsbónuskerfið. Þetta kerfi var mjög slítandi og sér í lagi fyrir þær konur sem voru að vinna á borði,“ segir Ragnheiður.

### Handapatið virkar líka!

Á vinnustað Ragnheiðar er nú um helmingur starfmannahópsins af

erlendu bergi brotinn. Hún segir erlendu starfsmennina þrýðisfólk sem margt hvert hafi búið lengi og starfað í Eyjum.

„Samskiptin ganga ágætlega. Við tölum saman einhverja útgáfu af ensku með pólsku eða rúmensku ívafi ef á þarf að halda. Það hefst fyrir rest að gera sig skiljanlega. Erfiðast er þegar um er að ræða fólk sem ekki talar neina ensku. En þá virkar handapatið líka vel,“ segir Ragnheiður og hlær. Hún segist fátt geta út á fiskvinnuna sett annað en að launakjörin mættu vera betri.

„Þetta er vanmetið starf. Margir líta niður á fiskvinnsluna almennt og þau viðhorf eru frekast áberandi hjá fólki sem hefur ekki kynnst því að vinna í fiski. Það verður að viðurkennast að fólk lítur meira upp til starfa þar sem kjörin eru betri því þegar allt kemur til alls þá ráða kjörin alltaf miklu um viðhorf til starfa. En ég hef notið þess að vinna í fiski og geri enn,“ segir Ragnheiður.



# Sjómenn

við óskum ykkur öllum innilega til hamingju með Sjómannadaginn

Þeir kröfuhörðu velja

## OPTIM ICE

ísþykkibúnað og forkæla

### ÞAR SEM KÆLIKEÐJAN ROFNAR ALDREI



FRÁ VEIÐUM



Í UPPSKIPUN



Í FLUTNINGI



HJÁ VIÐSKIPTAVINI

Frá því fiskurinn er veiddur, með 6°C hitastig í hráefninu, tekur það 2,5 klst. að kæla fiskinn í -0,7°C með notkun á OptimICE® kælingu.

**KAPP** ehf  
THE OPTIM  ICE COMPANY



Ekkert banaslys á sjó tvö ár í röð

# Er um á góðan stað og mikilvægt að halda sér þar

segir Jón Arilius Ingólfsson rannsóknarstjóri Rannsóknarnefndar samgönguslysa

„Við erum komin á góðan stað og verðum að gera hvað við getum til að halda okkur þar,“ segir Jón Arilius Ingólfsson rannsóknarstjóri Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Engin banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við strendur landsins á liðnu ári og er það fimmta árið sem liður án banaslyss á sjó. Engin banaslys urðu við landið árin 2008, 2011, 2014 og 2017. Jón segir það ánægjulega þróun að tvö ár í röð hafi liðið án banaslysa á sjó. Alls voru á liðnu ári skráð 157 tilvik hjá rannsóknarnefndinni, slys af ýmsu tagi, en ekki er gerður greinarmunur á hvort þau teljist stór eða smá. Það er heldur meira en var árið á undan en þess ber að geta að það ár voru sjómenn í tveggja mánaða löngu verkfalli sem eðlilega hefur áhrif á tölfræðina.

Jón segir að margt skýri hina jákvæðu þróun sem verið hefur á þessum vettvangi. „Það eru nokkrir samverkandi þættir sem valda því að breyting til batnaðar hefur orðið og leiða að þessari niðurstöðu,“ segir hann. Einn þeirra er að skipin í íslenska flotanum eru mun betri en áður var og öryggismál hafa verið tekin föstum tókum. Tilkoma Slysavarnaskóla sjómanna skiptir þar sköpum en öllum sjómönnum er gert að sækja þar nám og að auki endurmenntun á 5 ára fresti. Það segir Jón að sé af hinu góða. Á námskeiðum skólans er farið yfir öryggisatriði um borð í skipum og viðbrögð við því þegar eitthvað ber út af.

„Allir skipverjar eru meðvitaðir



■ Jón Arilius Ingólfsson rannsóknarstjóri Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

um öryggismálin, búnaðinn og hvernig á að nota hann. Þróun öryggisbúnaðar er eitt þeirra atriða sem fleygt hefur fram í tímans rás og sem dæmi hafa flotbúningar bjargað mörgum mannlífum á liðnum árum,“ segir hann.

## Stöðuleiki í mannskap skiptir máli

Jón segir að mikil breyting hafi orðið á starfstíma sjómanna, langflestir um borð hafi verið þar um skeið og séu ekki á förum, stöðuleiki sé á mannskapnum. Flestir hafi reynslu og þekkingu, viti upp á hár hvernig beri að haga sinni vinnu og hvað eigi að varast. Það heyri sögunni til að skipin séu að stórum hluta mönnum óvönnum mönnum svo sem var iðulega í eina tíð.

Jón nefnir að um borð í sumum



■ Sjómenn starfa við hættulegar aðstæður en aukin meðvitund sjómanna um öryggismálin er meðal þeirra þátta sem skýra fækkun sjóslysa.

Mynd: Þorgeir Baldursson



Við verðum að halda þessari öryggismenningu á lofti og helst að gera betur þar sem það á við.“

skipum sé starfandi öryggisstjóri og stóru útgerðarfélagin hafi einnig öryggisstjóra í landi á sínum snærum. Það sé mikil framför og sýni hvað best að hvarvetna séu öryggismálin tekin alvarlega. Lögum samkvæmt er útgerðum skylt að gera áhættumat um borð í skipum, en Jón segir því ekki að leynd að einhver misbrestur sé á að það sé uppfyllt.

„Við höfum tekið eftir því við rannsóknir á slysum um borð í skipum að áhættumatið skortir sum staðar og það er mál sem mætti færa til betri vegar,“ segir hann. En bendir jafnframt á að

vissulega hafi margar útgerðir sinnt þeirri skyldu sinni og gert áhættumat um borð og það jafnan borið mikinn árangur.

## Barnið fætt og nú þarf að hlúa að því

Á liðnum árum hefur skapast annars konar menning í kringum öryggismálin en áður var við lýði og segir Jón hana vera til mikilla bóta.

„Það eru mörg atriði sem koma saman og eiga sinn þátt í að skapa þá menningarlegu breytingu sem orðið hefur. Nú má segja að barn hafi fæðst og þá er það okkar hlutverk að hlúa að því sem kostur er, við verðum að halda þessari öryggismenningu á lofti og helst að gera betur þar sem það á við,“ segir hann.

Ný lög um rannsóknir á sjóslysum með nýjum áherslum tóku gildi aldamótaárið 2000 og hefur þróunin síðan þá verið jákvæð. Tilkynntum slysum hefur fækkað umtalsvert. Meðaltal tilkynnta slysa til Sjúkratrygginga Íslands á árunum 2000 til 2017 var 287 slys, en í fyrra voru þau talsvert undir því meðaltali. Jón segir að frá því lögin tóku gildi fyrir bráðum tveimur áratugum hafi Rannsóknarnefnd sjóslysa lokið við að gera 2661 skýrslu um hin ýmsu at-

vik úti á sjó, stór sem smá. Nefndin hafi á þessu tímabili komið fram með 191 tillögu um bætt öryggisatriði auk töluverðs fjölda sérstakra ábendinga.

## Árangur vekur athygli


Rannsóknarnefndin hefur það hlutverk að sögn Jóns að kanna orsakir óhappa, ekki að fást við afleiðingar þeirra. „Við horfum til þess að draga lærdóm af þeim slysum sem verða um borð í því skyni að miðla áfram þekkingu þannig að fyrirbyggja megi að sams konar óhapp verði á ný. Við höfum tekið eftir því að fólk hefur áhuga fyrir að fylgjast með því sem við erum að gera. Það sjáum við á lestri á okkar heimasíðu þar sem við birtum skýrslur um hvert og eitt atvik að lokinni rannsókn,“ segir Jón.

Árangur Íslands í öryggismálum sjómanna hefur vakið athygli erlendis, ekki síst meðal þeirra sem rannsaka sjóslys ytra. Hann var kynntur á ráðstefnu sem haldin var hér á landi í fyrra. Meðal þess sem um var fjallað þar voru áhrif öryggisþjálfunar sjómanna og vaktstöð siglinga og ferillkerfi íslenskra skipa en Jón segir að vaktkerfi Landhelgisgæslunnar þar sem fylgst er með öllum skipum á sjó hafi gert mikið gagn sem eftir er tekið.

## Ryðfrítt smíðastál

Allt til smíða úr ryðfríu stáli:

- Rör
- Prófilrör
- Stangarstál
- Plötur
- Suðufittings
- Skrúfaður fittings
- Suðulamir
- Slípivörur




METAL

Suðurhraun 12b 210 Garðabæ - Sími 545 4600



# Gleðilega hátíð





Maris ehf.

# Sérhæfing í þjónustu við fiskeldisfyrirtæki

„Áhersla okkar er fyrst og fremst á þjónustu við fiskeldisfyrirtæki. Við erum með breiða línu tækjabúnaðar og tæknilausna fyrir fiskeldið, þ.e. hugbúnað, stjórnkerfi, dælur og rafbúnað sem á þarf að halda og bjóðum bæði sölu og uppsetningu á búnaðinum,“ segir Karl Eiríkur Hrólfsson, rafvirkjameistari og einn eigenda fyrirtækisins Maris. Bakgrunn starfseminnar má rekja aftur til ársins 2006 þegar Gunnlaugur Hólm Torfason stofnaði fyrirtækið Dæluhúðun í kringum dæluviðgerðir og húðun á ýmsum hlutum. Árið 2012 keypti Karl Eiríkur fjórðungshlut í fyrirtækinu sem í dag heitir Maris. Báðir starfa þeir Karl og Gunnlaugur Hólm hjá Maris í dag ásamt öðrum sérhæfðum starfsmönnum í iðn- og tæknilausnum.

**Bjóða grunnbúnað fiskeldisins**  
Markmið Maris er að bjóða tæknilausnir sem hámarka nýtingu auðlinda og að tryggja viðskiptavininum bestu mögulegu þjónustu. Í þessu felst að bjóða heildstæðan búnað til fiskeldis sem stýrir lykilmáttum í starfseminni, þ.e. fóðrun, súrefni, seltu og vatnsflæði ásamt öllu sem snýr að rafmagni og dælum. Þetta eru þeir þættir sem veða hvað þyngst í rekstri fiskeldisfyrirtækja. Maris stýrikerfið heldur utan um þessa þætti heildstætt með virku eftirliti frá skynjurum og gagnaskráningum sem eru vistaðar á miðlægum gagnagrunni eða skýi. Með þessu móti er því hægt að hafa góða yfirsýn yfir það sem er að gerast í eldinu hverju sinni. Fyrirtækið hannaði búnaðinn frá grunni en þetta er íslenskt hugvit sem hefur verið í þróun frá árinu 2014.

„Við getum boðið viðskiptavininum alla þessa grunnþætti starfseminnar í fiskeldið, stýringar og búnað og að fylgja uppsetningu og þjónustu eftir til enda. Þetta er kjarninn í uppbyggingu Maris undanfarin ár. Einn af mikilvægum þáttum er að meðhöndla vatn sem notað er í fiskeldi á landi, súrefnisbæta það og við getum líka hreinsað vatnið þegar það fer út úr kerjunum aftur.


Kröfur um vatnsgæði eru miklar hvort sem um er að ræða til eða frá eldisstöðvum ásamt því að endurnýting eykst og er mikilvægt að geta boðið búnað sem fylgist með þessum þáttum,“ segir Karl.

**Mikill vöxtur og þróun í fiskeldinu**  
Í reynd segir Karl að íslenskt fiskeldi hafi verið í miklum uppbyggingarfasa undanfarin ár og nálgist hratt okkar öflugna nágretta á þessu sviði, þ.e. Norðmenn og Færeyinga. Norsk fiskeldisfyrirtæki hafa í vaxandi mæli komið inn í rekstur íslenskra fiskeldisfyrirtækja að undanförunu og það segir Karl vera mjög jákvætt skref sem hraði uppbyggingunni.

„Norsku fyrirtækin koma bæði með þekkingu inn í greinina sem og fjárhagslegan styrk til að byggja fiskeldið upp hér á landi. Að mínu mati gerir þetta íslensku fiskeldi bara gott. Á síðustu sjó árum höfum við séð gífurlega breytingu á atvinnugreininni fiskeldi hér á landi og hafa íslensku þjónustu- og tæknifyrirtækin verið fljót laga sig að breyttum aðstæðum með samkeppnishæfum búnaði. Búnaðurinn er að verða mun betri en áður var og fagmennskan í þessum rekstri allt önnur,“ segir Karl. Hann telur ekki raunhæft að allt eldi sem er í sjó verði í framtíðinni flutt upp á land, líkt og stund-




■ Starfsmenn Maris í dæluuppsetningu í fiskeldisstöð.



■ Meðal þess sem Maris selur fiskeldisfyrirtækjum er sérhannaður tölvubúnaður sem vaktar eldiskerfin. Að baki er íslenskt hugvit.



■ Karl Eiríkur Hrólfsson, rafvirkjameistari og einn eigenda Maris ehf. sem þjónustar fiskeldisfyrirtækin. Hann segir mikla breytingu hafa orðið á atvinnugreininni hér á landi síðustu sjó ár og fyrirsjáanlega verði hún áfram í vexti og framþróun.



■ Karl Eiríkur segir norskra fiskeldisfyrirtækja að atvinnugreininni hér á landi hafa eflt hana til muna.

um sést gerð krafa um í opinberri umræðu.

„Sem dæmi höfum við mikið verið að vinna á Vestfjörðum og sú starfsemi gæti einfaldlega ekki verið á landi þar sem raforkukerfi bjóða ekki upp á það. Auk rafmagns þyrfti sama framleiðsla á landi bæði gríðarlegt vatn og landflæmi. Bara til að setja þetta í samhengi þá eru 10 kvíar í sjó 300.000 rúmmetrar en stærsta landfiskeldisstöð hér á landi er 32.000 rúmmetrar. Að mínu mati er því engan veginn hægt að fullyrða að út frá umhverfissjónarmiðum sé skynsamlegra að flytja allt fiskeldi í sjó upp á land.“

Karl bendir á að mikil þróun sé í búnaði til sjókvæðis í Noregi, enda greinin stærri þar í landi en norskur sjávarútvegur í heild sinni. „Á eftir kjúklingaeldi er fiskeldið ein hagkvæmasta leiðin í dag til að svara vaxandi próteinþörf á heimsmarkaði. Fiskeldi kemur því til með að aukast og á þeim árum sem ég hef starfað í kringum fiskeldið, t.d. á suðurfjörðum Vestfjarða, hef ég séð hversu miklu máli starfsemin skiptir fyrir svæðið. Á sunnanverðum Vestfjörðum snýst allt um fiskeldi og þar höfum við verið í miklum verkefnum.“

## Aðkoma Norðmanna og stóru íslensku sjávarútvegsfyrirtækjanna mikilvæg

Karl segir mikla áskorun að fylgja eftir örri þróun í búnaði til fiskeldis. Tækninni fleygi fram í þessari atvinnugrein eins og fleirum en auk heldur sé áhersla lögð á umhverfisþáttinn.

„Í Noregi er mikil framþróun sem kemur inn í fiskeldið hér á landi og ég skynja mikinn áhuga í greininni á að hún vaxi og dafni í sem mestri sátt. Á árum áður voru miklar sveiflur í fiskeldi hér á landi og hrunar inn á milli en ég tel að nú sé greinin búin að ná þeim stöðugleika að ekki þurfi að óttast slíkt. Greinin hefur eflst með aðkomu norskra eldisfyrirtækja og henni er líka mikill styrkur í þátttöku stórra íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem búa yfir mikilli markaðs- og vinnsluþekkingu. Eldisfiskur getur hæglega orðið jafn að umfangi og útfluttar þorskafurðir frá Íslandi og því horfum við björtum augum fram á veginn í okkar fyrirtæki,“ segir Karl Eiríkur Hrólfsson hjá Maris ehf.

maris.is





Við óskum sjómönnum  
innilega til hamingju  
með daginn



**wisefish**  
sjávarútvegslausrir

## Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics NAV

Wise er leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg  
með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

Þú færð sjávarútvegslausrir  
í áskrift á [navaskrift.is](http://navaskrift.is)

kr. **24.900** pr. mán.  
án vsk.

Þjóðum einnig **Office 365** í áskrift.

 **Office 365**



**wise**

Wise lausrir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri  
sími: 545 3200 » [wise@wise.is](mailto:wise@wise.is) » [wise.is](http://wise.is)



# Margt nýtt að gerast í rannsóknum á sjóveiki

ráðstefna um hreyfveiki haldin á Akureyri í sumar

„Það er margt nýtt að koma fram á þessu sviði, nútímatækni með sínum sýndarveruleika hefur hleypt nýju blóði í rannsóknir og við væntum þess að skilningur okkar muni á komandi árum aukast á þessu fyrirbæri,“ segir Hannes Petersen prófessor við lækna-deild Háskóla Íslands og háls-, nef- og eyrnalæknir á Akureyri, en hann hefur verið fremstur í flokki hér á landi í rannsóknum á sjóveiki. Stór rannsókn stendur yfir í samvinnu Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík þar sem upptaka sjóveikinnar er leitað. Stór ráðstefna um hreyfveiki, þar með talið sjóveiki, verður haldin á Akureyri í júlí þar sem fremstu vísindamenn heims á þessu sviði taka þátt.

**80% sjómanna finna fyrir sjóveiki**  
Hannes stundaði sérfræðinám í Lundu í Svíþjóð og lauk því árið 1995. Doktorsritgerð hans fjallar um hlutverk innra eyrans í stöðustjórnun en staðsetning jafnvægis-skynsins er í innra eyranu. Eftir nám æxludust mál á þann veg að Hannes starfaði meðfram öðru sem læknir á þyrllu Landhelgisgæslunnar um 18 ára skeið. Starfið fólst í því að sækja veika og slasaða sjómenn á haf út og fór hann þá að velja fyrir sér hvort sjóveiki gæti að einhverju leyti átt hlut að máli varðandi slys um borð. Í kjölfarið velti hann fyrir sér orsökum og afleiðingum sjóveiki en samkvæmt rannsókn sem gerð var í Slysavarnaskóla sjómanna finna um 80% íslenskra sjómanna fyrir sjóveiki við sín störf og sjóriðu þegar í land er komið.

Einkenni sjóveiki eru margvísleg, ógleði og uppköst eru þau sem flestir tengja við og eru hvað mest truflandi. „Þessi einkenni koma til vegna skynáreksturs sjónar, jafnvægis- og stöðuskyns og þar er þáttur jafnvægisins mikilvægastur, einkum tengsl við starf ósjálfráða taugakerfisins sem miðlar


boðum um ógleði og uppköst,“ segir Hannes. Engin lyf eru til sem virka á sjóveiki.

Hannes segir að ekki sé um eiginleg veikindi að ræða, fremur sé sjóveiki eðlileg viðbrögð heilbrigðs einstaklinga í „sjúku“ umhverfi. Það sé mannum ekki eðlilegt að veltast um í skipi úti á ólgusjó. Áreitið er mikið og verkar einkum á jafnvægis-kyn inneryrna á meðan augn- og stöðuskynsáreitið er minna og ekki í samræmi við hreyfinguna. Sálræni þættir leika einnig sitt hlutverk. Miðtaugakerfi einstaklings í hreyfiríku umhverfi fer strax að reyna eftir mætti að vinna úr og aðlaga sig því áreiti sem á honum skellur. Það tekur að sögn Hannesar um þrjá til fjóra daga að ná áttum og jafn langan tíma að aðlaga sig á ný þegar í land er komið.

„Það getur verið mikill ávinningur fyrir útgerðir sem halda skipum úti um langan tíma og skipta gjarnan um áhafnir á milli túra, ef hægt er að venja sjómenn við áður en farið er út á sjó. Að setja þá í eins konar þjálfun í sýndarveruleikaherminu og búa þá þannig undir að fara inn í þetta umhverfi svo þeir séu í stakk búinir að sinna starfinu fyrr en ella væri,“ segir Hannes.

Hannes stjórnar og tekur ásamt fleirum þátt í rannsókn á rafvirkni í heilaberki, sem gerð er í Háskólanum í Reykjavík í samvinnu við Háskóla Íslands. Þar er leitast við að finna út hvar í heilaberki mannsins hreyfveiki á upptök sín og hvar aðlögunin fer fram. „Ef við finnum út úr því hvar upptökin eru er líklegra að við finnum leiðir til að bregðast við vandanum. Vonandi mun þessi rannsókn skila okkur nýjum svörum,“ segir hann.

**Áhugaverð ráðstefna á Akureyri**  
Fjöldi annarra rannsókna á fyrirbærinu hreyfveiki er í gangi um allan heim. Vísindamenn frá 15 löndum taka þátt í ráðstefnu sem haldin verður dagana 7. til 10.



■ Mikill meirihluti sjómanna finnur fyrir sjóveiki við sín störf og sjóriðu þegar komið er í land. Sjóveiki er í raun ekki eiginleg veikindi heldur segir Hannes hana viðbrögð líkamans við „sjúku“ umhverfi.

Mynd: Þorgeir Baldursson

júlí næstkomandi í Hofi á Akureyri, en þar verður sjónum beint að hreyfveiki, m.a. kynntar nýjar rannsóknir. Ráðstefna af þessu tagi hefur ekki áður verið haldin. „Það er margt nýtt að gerast á þessu sviði sem fróðlegt verður að fylgjast með og á ráðstefnunni verða flutt áhugaverð erindi þar sem nýju ljósi verður varpað á þetta fyrirbæri,“ segir Hannes en hann er ráðstefnu-stjóri.

## Stofnun miðstöðvar sjóveikirannsókna í bígerð

Til stendur í framhaldi af ráðstefnunni að stofna svonefnt Sjóveikisetur sem verður eins konar miðstöð rannsókna sem tengjast hreyfveiki af öllu tagi. „Tækninýjungar á liðnum árum, geimferðir og sýndarveruleiki hafa orðið til þess að nýju lífi hefur verið blásið í rannsóknir á hreyfveiki og það er

vissulega af hinu góða. Allt sem hjálpað getur sjómönnum í starfi sínu úti á sjó og dregur ef til vill úr slysatíðni um borð í skipum er af hinu góða,“ segir Hannes. Hann bendir einnig á að með hækkandi aldri fólks aukist jafnvægisleysi, fólki svimar og finnur fyrir sundli í meira mæli en á yngri árum og dettur oftast. Beinbrot hjá fólki sem komið er yfir 75 ára aldur skerðir mjög lífsgæði þess og lífslíkur þeirra eru í raun verri en þess fólks sem greinist með krabbamein á sama aldri. „Það er því eftir töluverðu að slægjast að komast að því hvað veldur. Jafnvægið hefur verið kallað hin þögla skynjun. Við erum ekki meðvituð um það fyrir en við töpum því,“ segir hann.

■ Vísindamenn frá 15 löndum taka þátt í ráðstefnu sem haldin verður dagana 7. til 10. júlí næstkomandi í Hofi á Akureyri, en þar verður sjónum beint að hreyfveiki, m.a. kynntar nýjar rannsóknir. Hannes Petersen læknir er ráðstefnustjóri.








# VÖKUL AUGU Á SJÓNUM MEÐ FLIR

FLIR HITAMYNDAVÉLAR VEITA SKIPSTJÓRNARMÖNNUM SÝN Í NIÐAMYRKRI EÐA ÞEGAR SÓL BLINDAR.



FLIR HANDVÉLAR GEFA AUKNA SÝN Á BREYTINGUM Á VÉLBÚNAÐI, KÆLIBÚNAÐI, RAFKERFUM, GLUSSALÖGNUM.

MEÐ REGLUBUNÐNUM SKOÐUNUM ER HÆGT AÐ BREGÐAST VIÐ ÁÐUR EN UPP KEMUR BILUNEDA TJÓN.



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA







# Tilviljun að hafa lifað af

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri, talar um ár sín í sjómenskunni og sjóslýsin sem hann varð fyrir á ferlinum

■ Eyþór Björnsson ætlaði sér að gera sjómenskuna að ævistarfi sínu en eftir að hafa orðið fyrir víruslysi um borð í frystitogaranum Hrafn Sveinbjarnarsyni og slasast alvarlega fyrir 19 árum varð ekki aftur snúið á sjóinn. Eyþór hafði áður lent í strandi Hrafn Sveinbjarnarsonar GK III við Hópsnes þar sem öll áhöfnin bjargaðist og var sá eini sem komst lífs af úr strandi Eldhamars GK við Hópsnes haustið 1991.

„Í starfi mínu í dag kemur reynsla og þekking úr sjómenskunni að góðum notum og ég er þakklátur fyrir að búa að henni. Það stóð á sínum tíma ekki annað til en vera lengur í sjómenskunni en raunin varð en þrátt fyrir þau slysi sem ég varð fyrir þá leið mér alltaf vel á sjónum. Ég fann aldrei til sjóhræðslu en hins vegar losnaði ég aldrei algjörlega við sjóveikina. Í dag sakna ég sjómenskunnar ekki en neita því ekki að það væri gaman að geta farið á bát hér út á Eyjafjörðinn í góðu veðri,“ segir Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri, sem kynntist því af eigin raun á sínum sjómannsferli hversu hættulegt starf sjómennskan getur verið. Hann bjargaðist úr tveimur skipsströndum og varð síðan fyrir alvarlegu slysi um borð í frystitogara sem gerði að verkum að hann gat ekki lengur sótt sjóinn. Þá tók við nám í sjávarútvegsfræði og í framhaldi starf hjá Fiskistofu en í dag býr Eyþór á Akureyri.

**Sjórinn togaði þrátt fyrir sjóveikina**  
Eyþór er uppalinn sveitadrengrur á sauðfjárbúi í Austur-Húnavatnssýslu sem fór 19 ára gamall í fiskvinnu á vertíð í Grindavík. „Ég tók vetrarvertíðina, síldina um haustið og svo fór ég á sjó í eina vertíð. Eftir hana fór ég í land og hét því að gera þetta aldrei aftur. Fannst sjómennskan ömurlegt starf. Ég var bullandi sjóveikur en samt fór það nú þannig ég var kominn aftur út á sjó eftir fátæinar vikur. Ég get ekki útskýrt hvað það er sem togar svona í mann út á sjó en þarna var ég

búinn að kynnast konunni minni sem er úr sjómanna fjölskyldu og kannski hafði það einhver áhrif á að ég hélt áfram. Svo er sjómennskan líka gríðarlega sterk í samfélaginu í Grindavík en smátt og smátt fór ég að kunna að meta starfið. Til að tryggja mér möguleika til að stunda sjómenskuna árið um kring fór ég í kokkaríð, sem auðvitað gaf líka kvarthlut aukalega og var kærkomið fyrir ungan mann sem var að stofna fjölskyldu,“ segir Eyþór en hann réð sig sem kokk á Hrafn Sveinbjarnarson III. „Þegar-



þarna var komið var ég farinn að gera mér grein fyrir því að ég ætlaði að vera áfram á sjónum og ákvað því að fara í Stýrimannaskólann.“

Útgerð Hrafn Sveinbjarnarsonar III fékk endi í febrúar 1988 þegar báturinn strandaði við Hópsnes, austan Grindavíkur. Eyþór fór síðan aftur á sjóinn á þann bát sem útgerðin fékk í staðinn og þaðan lá leið hans á togarann Gnúp í Grindavík en þar var aflinn saltaður um borð.

„Við vorum með hausara og flatningsvél um borð í Gnúpnum og í raun var aflinn settur í saltþækil. Þetta var skemmtilegt tímabil í sjómennskunni en ég veit ekki til þess að nokkur útgerð geri þetta í dag, líkt og Þorbjarnarskipin gerðu á þessum árum. Afkoman á saltinu var ágæt og auðvitað skipti alltaf miklu máli hvernig fiskaðist. Tekjurnar réðust af því,“ segir Eyþór en hann fékk að kynna ymsum veiðiskap ísinni sjómannstíð; togveidarferum, netaveiði, rækjuveiði, síldveiði, loðnuveiði og fleiru. „Það var á þessum árum alltaf mikill ljómi yfir vertíðunum, mikill afl og vinna. Þegar komið var fram undir hrygningartímum var stutt fyrir okkur á Grindavíkurbátunum að sækja, kannski hálf tíma stím í fyrstu trossu. Sannarlega mikið fiskir en þá að sama skapi mikil vinna því samfara.“

#### Giftusamleg björgun þegar Hrafn III strandaði

Mannbjörg varð þegar Hrafn Sveinbjarnarson III fór upp í fjöru við Hópsnes en þá var báturinn á leið í land úr netaróðri. Eyþór var í koju þegar báturinn fór upp.

„Þarna voru sem betur fer ágætari aðstæður, skipið skorðaðist strax í fjörunni og björgun áhafnarinnar gekk mjög vel. Við vorum hífðir upp í þyrlu og þannig lagað var ekki mikil hætta á ferðum þó aldrei sé hættulaust að stranda skipi. Þarna gekk allt blessunarlega vel og veðrið var gott, sem gerði gæfumuinn,“ segir Eyþór.

Á þessum tíma var það fyrirkomulag ekki komið á að sjómenn færu reglulega á námskeið í björgun með þyrlu en Eyþór segir að stýrimaður bátsins hafi kunnað vel til verka og stjórnað björguninni fumlaut. „Síðar komu þessi námskeið Slysavarnaskóla sjómanna til sögunnar og þau hafa miklu breytt í öryggismálunum eins og þekkt er,“ segir Eyþór og svarar því aðspurður að ekki hafi hvarflað að honum að hætta sjómennskunni þó hann hafi orðið fyrir þessu óhappi. Raunar hafi hann og tveir aðrir úr áhöfninni af Hrafn III farið í róður á Hrafn II strax í vikunni eftir strandið og þá lent í vondu veðri í innsiglingunni til Grindavíkur.

„Báturinn lamdist aðeins niður eins og getur gerst þarna við þessar aðstæður og ég man að þegar það gerðist mættumst við allir þrír á leiðinni upp í brú og hugsuðum örugglega allir hvort við værum nokkuð að lenda aftur í óhappi.“

#### Þyrlan var eina vonin

Eyþór fór í Stýrimannaskólann árið 1990 og segir að ætlunin hafi verið að taka bæði fyrsta og annað stig stýrimannanámsins. Þegar hann var að ljúka fyrsta stiginu bauðst honum að taka við stýrimannsstöðunni á Eldhamri GK-13 í Grindavík. Eldhamar var smíðaður í Svíþjóð árið 1988 en var lengdur og yfirbyggður í Póllandi árið 1991. Á heimsiglingunni úr Línuróðri stuttu eftir breytingarnar, föstudagskvöldið 22. nóvember 1991, strandaði Eldhamar við Hópsnes. Þetta varð eitt stærsta sjóslys síðari áratuga hér á landi.

„Ég get í rauninni ekki svarað því nákvæmlega hvað það var sem þarna gerðist en ég og skipstjórinn vorum báðir í brúnni þegar óhappið varð. Veður var ágætt, suðvestanátt en við þær aðstæður brýtur alltaf á Hópsnesinu. Þegar við áttuðum okkur á að við vorum komnir of nálægt Hópsnesinu á heimsiglingunni var báturinn kominn inn í brotsjó og ekki hægt að koma honum út úr öldurótinu. Við misstum hann



■ Eldhamar GK hét áður Hulda ÍS en báturinn var smíðaður árið 1988 og kom til Grindavíkur árið 1990. Sumarið 1991 var hann lengdur í Póllandi og var því í einum af fyrstu róðrunum þegar slysið við Hópsnes varð.

Mynd: timartíð Ægir



■ Forsíða Morgunblaðsins laugardaginn 23. nóvember árið 1991 þar sem sagt var frá hinum hörmulega sjóslysi við Hópsnes þar sem fimm félagar Eyþórs í áhöfn Eldhamars fórust.

þversum og í látunum fór skrifan í grjót þannig að við misstum hana. Þar með vorum við orðnir bjargarlausir og áttum enga möguleika á að komast út aftur. Við tilkynntum um yfirvofandi strand klukkan rúmlega 20 en það leið síðan talsverður tími þar sem báturinn var að berjast um í fjörugrjótinu. Hann snerist við þannig að stefnið vísaði út, lagðist síðan á bakborðshliðina meðan hann færðist smám saman upp í grjótið. Við í áhöfninni fórum aftur á skut og reyndum að skjóta línu í land sem ekki tókst og ekki tókst heldur að skjóta til okkar línu frá hjálparsevitarmönnum í landi. Því var ekki önnur von fyrir okkur eftir en björgun með þyrlu,“ segir Eyþór. Áhöfnin var í flotgöllum aftur á bátinum sem barðist um í fjörunni en við brotöldurnar færðist báturinn nánast á kaf ofan í gjótu og þar með gengu brotin yfir brúna og skipverjana tók út.

#### Eins og í þeytivindu

„Brúin hafði skýlt okkur en þegar hún var

 **MARÁS**

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ  
www.maras.is / www.faj.is  
S:555 6444 / 552 2111

 **FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.**

**YANMAR**  
FYRIR SJÁVARÚTVEGINN



Prestolite electric



Poly Flex



Navalloy



MAESTRINI



**SIMRAD**

Siglinga og fiskileitartæki



Sjálfstýringar



Kortaplotter



GPS/Gýró



Útistýri



Radarskannar



Radarskjáir



Botnstykki



Dýptarmælur

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu kveðjur á sjómannaþinginn.





Minnismerki um Eldhamarsslysið er við fjöruna á Hópsnesi.

farin á kaf fórum við með brotunum aftur af skutnum og í sjóinn. Það er varla hægt að lýsa því hvernig er að vera í svona brotsjó en ég hef stundum sagt að þetta hljóti að vera líkast því að vera í þeytivindu. Krafturinn í sjónum sópar manni til og frá, snýr manni og veltir um í sjórótinu. Strax í kjölfar fyrsta brotsins sem tók mig aftur af skipinu fór ég með útsoginu djúpt niður og mér fannst ég vera undir skipinu. Þegar ég var að krafla mig upp aftur kom næsta brot og dró mig aftur niður en eftir það náði ég að komast upp og draga andann áður en það þriðja reid yfir. Eftir þetta fannst mér brotin aðeins léttast, sem var vegna þess að ég var smám saman að mjakast upp í fjöruna. Sjálfsagt var það ómeðvitað en þegar brotin komu þá dró ég mig í hnút og hélt um höfuð mitt því ég hugsaði með mér að ég yrði að reyna að forðast að lenda utan í hvössu grjótinu. Á endanum náðu svo björgunarsveitarmenn til mín í fjörunni og komu mér á þurrt en því miður fórust þarna allir fimm félagar mínir í áhöfninni. Líkast til hefur það bjargað mér að flotgallinn hélt allan tímann og ég kom algjörlega ómeiddur úr þessum hrakningum. Gallarnir hjá félögum mínum voru rifnir eftir barninginn en þegar slíkt gerist þá missa gallarnir mikið flot. Í þessum aðstæðum verður ótrúlega stutt milli lífs og dauða og í rauninni er algjör tilviljun að ég skyldi komast þarna lífs af. Lýsir Eyþór en þegar hann komst í hendur björgunarsveitarmanna í landi var liðin rösk klukkustund frá því báturinn hafði sent út neyðarkallið.

#### Eina hugsunin að lifa af

Eyþór segist ekki hafa fundið fyrir kulda fyrr en hann kom í björgunarsveitarbílinn. „Adrenalínið var í botni en fyrst og fremst hafði maður hugsað um að lifa af. Ég hafði ekki fundið fyrir neinum kulda fyrr en þarna. Stundin í björgunarsveitarbílnum líður mér aldrei úr minni því þarna sat ég einn í myrkrinu, heyrdi í talstöðvarsamskiptunum og gerði mér grein fyrir að alvarlegir atburðir væru að gerast. Ég hafði verið viss um að félagar mínir hlytu að koma heilir upp úr fjörunni líkt og ég en þarna áttáði ég mig að svo var ekki um alla. Smám saman kom svo í ljós að þarna höfðu allir fimm félagar mínir og góðir drengir farist,“ segir Eyþór og skiljanlega tekur á að rifja þennan sorglega atburð upp. Farið var með Eyþór á sjúkrahúsið í Keflavík og þaðan fór hann með sjúkrahúsið aftur til Grindavíkur eftir að hafa farið í gegnum lækni-sköðun og verið klæddur í þurr fót.

Eins og áður segir vonuðust skipverjarnir á Eldhamri eftir að þyrta kæmi þeim til bjargar í tæka tíð en þegar hún loks kom frá Varnarliðinu á Keflavíkflugvelli var það um seinan. Þyrta Landhelgisgæslunnar var biluð á Ísafirði og var því ekki fánleg á slysstað.



”

„Það er varla hægt að lýsa því hvernig er að vera í svona brotsjó en ég hef stundum sagt að þetta hljóti að vera líkast því að vera í þeytivindu. Krafturinn í sjónum sópar manni til og frá, snýr manni og veltir um í sjórótinu.“

„Ef þyrta hefði komið til okkar í tæka tíð þá hefði þetta ekki þurft að fara svona. Þarna fór flest úrskaiðið sem gat farið úrskaiðis, því miður,“ segir Eyþór en í kjölfar slyssins jókst umræða um þörfina á björgunaryrlikaupum til að auka öryggi sjómanna. Áfallameðferð var ekki á þessum tíma skipulögð líkt og er í dag en Eyþór segir að þau hjon hafi unnið saman úr áfallinu. „Svona lagað tekur langan tíma en ég man lítið eftir fyrstu vikunum eftir slysið því ég var algjörlega dofinn. En svo líður tíminn og lífið heldur áfram.“

#### Langaði samt aftur á sjóinn

Í kjölfar Eldhamarsslyssins voru haldin sjópróf og síðan málaferli sem Eyþór þurfti



■ Eyþór var í áhöfn Hrafns Sveinbjarnarsonar GK III sem strandaði við Hópsnes í febrúar árið 1988.

að ganga í gegnum vegna slyssins og segir hann að þau síðarnefndu hafi tekið mikið á. „Ég hygg að það hafi verið nauðsynlegt að fara í gegnum allt slysið í heild sinni með þessum hætti þar sem ég var einn til frásagnar um atburðarrásina. Á vissan hátt gæti verið að það hafi verið ákveðin áfallahjálpar fyrir mig að fara yfir atburðinn líð fyrir líð eins og þurfti að gera en þrátt fyrir allt er það svo að atburðurinn sækir aldrei á mig sem slíkur. Ég hef til dæmis aldrei vaknað upp úr svefni með þessar minningar eða slíkt. En það er örugglega mjög einstaklingsbundið hvernig menn takast á við áföll og vinna úr þeim. Mér hefur gengið það ágætlega.“

Eyþór segist sjálfur hafa farið að hugleiða fljótt eftir Eldhamarsslysið að snúa aftur á sjóinn en segist í fyrstu hafa hikað við að nefna þann möguleika við eiginkonu sína. Þegar hann svo gerði það þótti henni það sjálfsgat ef hann treysti sér til.

„Ég þekkti ekkert annað en sjómennskuna og langaði ekki að gera neitt annað. Langaði að fara á sjóinn aftur. Í janúar 1992 fór ég svo aftur á sjó á 100 tonna togbát sem hét Þróstur og ég man að í fyrstu siglingunni fórum við út úr innsiglingunni í Grindavík til að stilla kompásinn. Það var mjög skrtin tilfinning að sjá flakið af Eldhamri í Hópsnesfjörunni og ég man líka að áður en við byrjuðum að róa fór áhöfnin á björgunaryrlikaupum þar sem einn liðurinn var að stökkva í sjóinn. Þá áttáði ég mig á að ég þorði ekki í sjóinn og gat ekki hugsað mér að fara aftur á kaf. Ég klifraði niður stigann utan á bátunum og fór rólega í sjóinn. Þannig þurfti ég að yfirvinna ákveðna hluti úr lífsreynslunni frá slysinu. Og tókst það smám saman.“

#### Þriðja slysið gerði út um sjómennskuna

Eyþór tók við sem stýrimaður á Presti vorið 1992 og segist ævinlega þakklátur Halldóri skipstjóra fyrir að sýna sér það traust.

„Traustið sem hann sýndi mér var mjög mikilvægur áfangi í því fyrir mig að koma til baka eftir Eldhamarsslysið. Á Presti var ég síðan í nokkur ár og eftir að hafa verið á einhverjum bátum í millitíðinni fór ég næst yfir á frystitogarann Hrafn Sveinbjarnarson, skip Þorbjarnar í Grindavík. Þar byrjaði ég 1995 og fór svo í Stýrimannaskólann árið 1996 til að klára annað stig. Mér bauðst síðan að taka við sem stýrimaður og afleysingaskipstjóri á Núpi BA á Patreksfirði árið 1998 og var þar í tvö ár en haustið 2000 fór ég aftur yfir á Hrafn Sveinbjarnarson. Fyrsti túrin þar um borð það haust varð svo jafnframt minn síðasti túr á sjó,“ segir Eyþór. Hann var þá úti á togdekki að taka trollið og undirbúa næsta kast þegar óhapp varð þess valdandi að stór stálkrókur skall í síðu hans af miklu afli, mjöðm og rifbein brotnuðu, ristill fór í sundur og hann fékk stóran skurð á síðuna. „Félagi minn á dekkinu varð líka fyrir stálkeng sem gaf sig og hann brotnaði mikið í andliti. Við vorum staddir fyrir austan land og ekki um annað að ræða en sigla með okkur í land. Skipið fór inn á Norðfjörð og þar þurftum við að bíða þess að vegurinn yfir Oddskarð yrði opnaður. Þegar svo var komið á Egilsstaði



■ Mikil umræða varð í kjölfar Eldhamarsslyssins um nauðsyn þyrllukaupa til að auka öryggi sjómanna. Málið var rætt í þingsöllum strax í vikunni eftir slysið.

tókst ekki að koma flugvélinni sem átti að fljúga með okkur suður í gang þannig að þá var farið með okkur á sjúkrahús á Egilsstöðum þar sem lækurinn skaut einhverju mjög öflugum á mig. Ég man ekkert meira frá ferðalaginu á sjúkrahúsið en í stuttu máli gerðu þessi meidsl þá að verkum að úti var um sjómennskuna hjá mér. Í þessu slysi var mér mikið lán í óláni að ég var með stuðningsbelti um mig miðjan vegna brjóskloss sem hafði verið að hrjá mig árin áður og líkast til hefur það bjargað því að þarna fór ekki miklu verr,“ segir Eyþór.

#### Söðlað um í lífinu

Eyþór þurfti í bókstaflegri merkingu að róa á ný mið í kjölfar slyssins um borð í Hrafn Sveinbjarnarsyni þar sem hann gat ekki lengur stundað sjómennskuna. Hann söðlaði því um í framhaldinu, fór í nám í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri, fór þaðan beint í MBA nám í Háskóla Íslands og réð sig síðan til Fiskistofu árið 2006 og hefur stýrt henni síðan 2010. Hann segist í rauninni ennþá vera að byggja sig upp líkamlega eftir þessa miklu áverka.

„Bæklunarlæknir sem mat mína stöðu eftir slysið sagði við mig að ég skyldi ekki gera ráð fyrir að geta gengið mikið meira en út í bíl þannig en mér hefur tekist að gera gott betur og meira að segja gengið á Hornstrandir. Enda beit ég það í mig að ná fullum styrk aftur og ég kemst langt á þrjósunnunni. Það hefur skilað sér í þessu öllu saman.“

Þó langt sé um liðið síðan Eyþór var á sjónum hefur sjómanna dagurinn í hans huga mikið gildi. „Dagurinn er hátíð sjómanna og fjölskyldna þeirra og hann er mikilvægur í baráttu sjómanna fyrir öryggismálunum, kjörum og öðru sem snýr að starfinu. Það tók mig á sínum tíma mörg ár að losna við löngunina að fara út á sjó en í dag dáist ég að þessum mönnum sem eru að fara í öllum veðrum og í svartasta skammdeginu til sjós. Svo skrytið sem það kann að hljóma í ljósi þessara þriggja óhappa þá þóttu mér árin á sjónum skemmtileg. Þrátt fyrir allt.“





**Til hamingju  
með daginn  
sjómenn!**



Við hjá N1 sendum hetjum hafsins og fjölskyldum þeirra um allt land heillaóskir í tilefni sjómanna dagsins.

Alltaf til staðar

**N1**



Þorbjörn hf. í Grindavík fær afhentan frystitogara var frá Grænlandi

# „Þetta er virkilega gott skip“

Þorbjörn hf. í Grindavík er um þessar mundir að taka við frystitogara sem keyptur var frá Grænlandi. Togarinn var upphaflega smíðaður fyrir Skagstrending og hét Arnar HU 1. Hann var fljótlega seldur til Royal Greenland og fékk þá nafnið Sisimiut. Hjá Þorbirni fær hann nafnið Tómas Þorvaldsson GK 10 eftir stofnanda fyrirtækisins.

Einn fjögurra línubáta fyrirtækisins var úreltur á síðasta ári og verður þá skipaflotinn þrjár línubátar og þrjár frystitogarar. Línubátarnir sjá vinnslum fyrirtækisins í landi fyrir hráefni áfram, sem er vinnsla á saltfiski og ferskum fiski.

Eiríkur Dagbjartsson er útgerðarstjóri frystiskipa Þorbjarnar. Hann segir að Skagstrendingur hafi fengið togarann í lok árs 1992 og hafi hann þótt mjög fullkominn á sínum tíma. „Það voru í honum nýngar eins til dæmis sjálfvirkir frystar, sem er gríðarlega vinnusparandi og það var gert ráð fyrir beinamjölsværsmiðju í honum sem reyndar var aldrei sett niður. Hann var mjög stór á þess tíma mælikvarða, sérstaklega á breiddina eða 14 metrar.



■ Verðandi frystitogari Þorbjarnar hf. í Grindavík fær nafnið Tómas Þorvaldsson GK 10 eftir stofnanda fyrirtækisins. Þetta er glæsilegt skip og vel búið.

## Mikið endurnýjað á undanförunum árum

Skagstrendingur seldi skipið haustið 1995 til Royal Greenland og nokkrir Færeyingar sem sóttu hann til Skagastrandar eru enn um borð, t.d. annar skipstjóriinn.

„Royal Greenland hefur haldið þessu skipi mjög vel við og gert miklar endurbætur á honum á undanförunum árum. Þeir breyttu til dæmis frystikerfinu úr freoni yfir í ammoníak fyrir nokkrum árum. Þá endurnýjuðu þeir allt sem

tengist frýstingu, svo sem öll rör, frýstítaki, bæði þessi sjálfvirku og tvo aðra lárétta frýsta. Skipt var um skrúfublöð og skrúfuhring fyrir fimm árum. Þriðja togvindan var sett í skipið árið 2002 til að geta dregið tvö troll samtímis og það

virkar mjög vel. Nýlega er búið að taka borðsalinn og alla þá hæð í gegn að frátöldum áhafnarklefum en nánast allir klefar eru eins manns. Á hæðinni eru einnig tvær setustofur, eldhús, kæli og frýstir fyrir matvæli. Það hefur því margt



Bredgaard Boats hafa smíðað báta úr trefjaplasi síðan 1967 og eru bátar frá þeim þekktir fyrir frábæra hönnun, sjóhæfni, vandaðan frágang og gríðarlega mikinn styrk.

Þessa stundina er Bredgaard Boats að smíða vertíðarbát fyrir íslenskan útgerðarmann, Bárð SH 81, sem er tæplega 27 metra langur og 7 metra breiður.

**Aflhlutir ehf.,  
í samstarfi við  
Bredgaard Boats APS  
í Danmörku, bjóða nú  
hágæða fiskibáta  
úr trefjaplasi  
fyrir íslenska  
útgerðarmenn.**





verið gert mjög vel í skipinu á undanföllum árum,“ segir Eiríkur og bætir við að Grændlendingarnir og Færeyingarnir sem voru í áhöfn skipsins séu með tárin í augunum og sjái mikið eftir því. „Þetta er virkilega gott skip, þægilegt í sjó. Ég var um borð í honum í nokkra daga í vetur 180 sjómíllur norður af Noregi. Þó ekki hafi verið nein drullubræla var þarna kaldafýla og þá fann maður hvað þetta er ótrúlega gott sjóskip,“ segir Eiríkur.

Togarinn kom inn til Hafnarfjarðar síðastliðinn laugardag til löndunar og fer svo í söluslipp þar sem hann verður yfirfarinn en Þorbjörn tekur við honum snemma í júní. Reyndar verður tækifærið notað til að botnmála, sínka og merkja.

Eiríkur segir að ekkert stórt verði gert í togaranum annað en að skipta út flökunarvélum. Settar verði flökunarvélar um borð sem gefi betri nýtingu. Þá verði aðeins græjað á millidekki og til dæmis sett upp tæki til að hirða og vinna afskurð, sem skylt er. Að öðru leyti sé skipið tilbúið á veiðar enda keypt með öllum veiðarfærum. Því sé nánast hægt að sleppa og fara.

#### Vel græjaður frystitogari

Eiríkur segir að Tómas Þorvaldsson verði mjög vel búinn sem frystitogari. Til dæmis séu í honum tveir flokkarar frá Marel, þrjár hausarar og þrjár flökunarvélar. Þá sé heilmikil sjálfvirkni í vinnslunni, bæði í frystum og pökkun. Sjálfvirkur úrsláttur er á pönnum en þar segir Eiríkur hafa verið hafi mesta puðið í frystitogurunum, að bera þungar pönnur og slá úr þeim.

„Meira að segja sér kerfið um að flokka öskjurnar í rétt númer og para saman réttar öskjur, þrjár og þrjár saman í hvert hólf. Þegar komnar eru þrjár öskjur í hvert hólf sér kerfið um að koma með öskjurnar eftir færibaldi að mannum sem vinnur við úrslátt og pökkun. Hann er þá með merktan kassa tilbúinn og öskjurnar keyra beint inn í kassann. Hann lokar svo kassanum og sendir í bindingu og þaðan niður í lest.“

Svo höfum við aðeins verið að skoða með Héðni og skipatækni-fræðingi möguleikana á að setja mjöl- og lýsisverksmiðju í skipið. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar en það væri mjög jákætt að geta nýtt alveg 100% það sem kemur um borð,“ segir Eiríkur.

Tómas Þorvaldsson fer á hefðbundnar veiðar á botnfiski í sumar. Hann fer ekki á makríl eins og hinir tveir frystitogararnir Hrafn Sveinbjarnarson og Gnúpur.

#### Tilfærslur á áhöfnum

Nokkrar sviptingar verða í skipan áhafna hjá Þorbirni við komu nýja togarans. Skipstjórar verða Sigurður Jónsson, sem var annar skipstjórinn á Hrafn Sveinbjarnarsyni og Bergþór Gunnlaugsson, sem var annar skipstjórinn á Gnúpi. Þeir taka með sér áhafnir sínar en yfirvélstjórar verða Björn Oddgeirsson og Árni Jón Gissurarson. Hin áhöfnin á Gnúpi fer yfir á Hrafn Sveinbjarnarson en ný áhöfn hefur verið ráðin á Gnúpinn og hefur hún hafið störf. „Þar tók við skipstjórn enginn annar en Grétar nokkur Kristjánsson, sem var hættur fyrir aldurs sakir fyrir einu og hálfu ári en er kominn tvíefldur til baka 73 ára og reykspólar af gleði, hamingju og dugnaði,“ segir Eiríkur en Grétar var á sínum tíma skipstjóri á Gylli.



■ Togarinn hét áður Arnar HU 1 og var smíðaður fyrir Skagstrendinga. Þaðan lá leiðin til Grænlands þar sem hann hét Sisimiut.

Ljósmynd: Þorgeir Baldursson.



■ Vitt til veggja í vélarrúminu. Á undanföllum árum hefur mikið verið endurnýjað í skipinu.



VIÐ GERUM  
ÚT Á GÓÐA  
ÞJÓNUSTU



Heraþjón



## FJARÐABYGGÐARHAFNIR

Mjóafjarðarhöfn  
Norðfjarðarhöfn  
Eskifjarðarhöfn  
Mjóeyrarhöfn  
Reyðarfjarðarhöfn  
Fáskrúðsfjarðarhöfn  
Stöðvarfjarðarhöfn  
Breiðdalsvíkurhöfn



FJARÐABYGGÐ  
www.fjardabyggd.is



# Ný handfæravinda DNG á markað

Nú í sumarbyrjun afgreiðir DNG á Akureyri fyrstu færavindurnar af nýrri gerð en unnið hefur verið að þróun hennar síðustu ár. Vindan ber framleiðsluheitið C7000 en fyrirtækið mun áfram framleiða C6000 útgáfuna sem er þekktasta vindan frá DNG og sú sem er algengust í bátum bæði hér á landi og erlendis. Nýja C7000 vindan býður upp á mun meiri möguleika hvað varðar tengingar og stjórnun en C6000 útgáfan.

Árman Helgi Guðmundsson, þjónustustjóri DNG segir að í grunninn sé nýja vindan búin öllum þeim kostum sem þýða eldri gerðina en stýrikerfi hafi verið endurgert, kominn er nýr litaskjár í vinduna, takkaborðið hefur uppfært og fleira sem að notandanum snýr. Þó að ytra útliti sé breytingin ekki mikil þá segir hann engu að síður um að ræða stærstu uppfærslu sjálfvirku DNG færavindunnar frá því árið 1995 þegar C6000 útgáfan tók við af C5000. Í því skrefi var mótur endurhannaður sem og stýrikerfi. Að nýju vindunni meðtalinni eru kynslóðir af fjöldaframleiddum DNG vindum nú orðnar fimm talsins frá því fyrirtækið hóf framleiðslu árið 1983.

## Meiri samskiptamöguleikar

Árman segir að fyrstu vindurnar til afgreiðslu verði búnar veiðikerfi fyrir botnfisk en á næstunni verður einnig lokið við þann hluta stýrikerfisins sem snýr að notkun DNG vindunnar á makrílveiðum smábáta.

„C7000 vindan býður upp á stóruka möguleika til tölvutenginga, bæði hvað varðar samtengingu á vindum og tengingu þeirra við tölvu. Nýja tengingin er mun hraðvirkari en við höfum verið með og við bjóðum bæði upp á beintengingu á vindunum við tölvu og WiFi tengingu. Þetta er grundvallaratriði á t.d. makrílveiðum. Í dag eru menn með tölvu um borð og tengja hana við vindurnar í gegnum kapal en með nýju vindunni bætast nýir samskiptamöguleikar við og mun meiri hraðvirkni verður í öllum samskiptum við vindurnar. Auk heldur býður þessi nýja vinda upp á þann möguleika fyrir okkur í þjónustunni að tengjast í gegnum net við vinduna ef á þarf að halda og það er líka mjög



■ Árman Helgi Guðmundsson, þjónustustjóri DNG við vindugerðirnar fimm frá DNG sem hafa verið fjöldaframleiddar síðan starfsemin hófst árið 1983. Lengst til vinstri er sú nýja C7000.



■ Nýja C7000 vindan frá DNG. Fyrstu vindurnar þessarar gerðar verða teknar í notkun í handfærabátum hér á landi í sumar.

mikilvægt fyrir notendurna. Það er gert í gegnum Bluetooth-tengingu sem um leið er þá góð þjófavörn þar sem vindan er með innbyggðu GPS staðsetningarkerfi. Mikilvægasti þáttur GPS búnaðarins í vindunni er hins vegar rekkerfi vindunnar sem vinnur þannig að vindan bregst sjálf við í samræmi við hvernig bátinn rekur meðan verið er að veiðum,“ segir Árman.

## Mun hljóðlátari vinda

Árman segir að nýja vindan sé mun hljóðlátari en sú eldri og það skipti talsverðu máli þegar bátar eru með nokkrar vindur í notkun í einu. Þá er nýi skjárin með mun meiri upplausn en sá gamli, auk þess að vera litaskjár. „Við teljum óhætt að fullyrða að nýja vindan verði bylting fyrir smábátasjómenn. Hún er búin öllum þeim

kostum sem okkar viðskiptavinir þekkja af langri notkun auk nýjunganna,“ segir Árman.

Sem fyrr segir verður C6000 útgáfan áfram framleidd hjá DNG auk þess sem fyrirtækið hefur boðið viðskiptavinum sínum upp á að uppfæra eldri vindur, mála þær upp á nýtt og gera finar. Talsvert var að gera í slíkum verkefnum í vetur.

## Fjölbreyttir markaðir og verkefni

Í mörg horn er því að líta hjá starfsmönnum DNG þessa dagana enda háönn smábátatúngerðarinnar næstu vikur. Kristján Björn Garðarsson, rekstrarstjóri, segir að sem fyrr horfi fyrirtækið til markaðssetningar nýju vindunnar á mörgum mörkuðum, auk Íslands.

„Aðrir stórir markaðir okkar eru hér í kringum okkur; Grænland, Færeyjar, Noregur, Danmörk og Skotland, auk Frakklands og Kanada sem er markaður sem við fylgjumst náið með hvernig þróast. Þar er sjávarútvegurinn að byggjast upp á nýjan leik eftir hrúnið sem varð í þorsstofninum á sínum tíma. Framleiðsla á færavindunum og þjónusta við notendur þeirra er grunnur okkar starfsemi en þess utan erum við einnig í öðrum raf-eindatengdum verkefnum, t.d. framleiðslu fyrir fiskeldiskerfi Vaka, svo dæmi sé nefnt,“ segir Kristján Björn.



■ Það eru mörg handtökin að setja saman eina færavindu. Sigurbjörn Gunnarsson, rafeindavirki hjá DNG raðar ihlutunum í hús vindunnar.



Óskum sjómönnum til hamingju með daginn





# Samferða í 92 ár



Olís hefur allt frá stofnun kappkostað að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi trausta þjónustu með sölu á eldsneyti og rekstrarvörum til útgerða. Við ætlum að halda þeirri siglingu áfram.





# Sjálfvirknivæðing

## fiskvinnslunnar á hraðferð

Valdimar Gunnar Sigurðsson, sölustjóri hjá Marel, ræðir nýjustu lausnir fyrirtækisins í tæknibúnaði fyrir hvítfiskvinnsluna



■ Róbótar eru meðal þess nýjasta í tæknibúnaði Marel og eru þeir notaðir við samval á afurðum og pökkun.

„Þróunin í fiskvinnslunni er mjög hröð þessi misserin og sem dæmi þá höfum við hjá Marel sett af stað fjórar FleXicut skurðarvélar í fiskvinnslum hér á landi á þessu ári, ný róbótatækni við pökkunarlinur okkar er að fá mjög góðar viðtökur og loks eru hafnar prófanir á nýrri roðrífu frá Marel, auk þess sem við stefnum á þróun og framleiðslu á hausara og flökunarvél fyrir hvítfisk,“ segir Valdimar Gunnar Sigurðsson, sölustjóri hjá Marel um hraðfara tæknipróun fyrirtækisins þessi misserin. Hann segir tækniframfarir og sjálfvirknivæðingu á öllum sviðum fiskiðnaðarins sem breyti vinnslunni og störfunum.

Tvær af nýju FleXicut skurðarvélunum frá Marel sem teknar hafa verið í notkun í ár eru í nýju og glæsilegu fiskvinnsluhúsi G. Run í Grundarfirði, ein er í vinnslu Leo Seafood í Vestmannaeyjum og sú fjórða hjá Skinney-Þinganesi á Höfn í Hornafirði þar sem einnig var verið að setja upp nýja snyrtilínu frá Marel. Skurðarvélarnar segir Valdimar að séu hluti af heildarmynd í tæknibúnaði sem fyrirtækið hefur lagt áherslu á að þróa allt frá flökun til pökkunar á lokaafurð.

### Róbótatækni í pökkun

Valdimar segir að margt vinnist með tilkomu róbóta við samval og pökkun á fiskbitum.

„Með þessari tækni getum við tekið út úr flæðinu í ferkfiskvinnslu ákveðna bita og valið saman, allt eftir því sem vinnslan þarfnast eða kaupandi óskar. Fyrir utan að geta á þennan hátt valið saman bitastærðir eða bitagerðir náum við mikilli nákvæmni í vigt. Kassarnir verða þannig af nákvæmlega þeirri þyngd sem óskað er og yfirvigt minnkar, sem er mikill ávinningur þegar um verulegt magn er að ræða í vinnslunni. Þessi tækni gerir okkur líka mögulegt að velja saman bita ef t.d. er verið að vakúmpakka bitum fyrir viðskiptavini, bitum í 500 gramma pakkingu svo eitthvert dæmi sé nefnt. Þá getum við gengið út frá því vísu að róbótinn finnur þá bita sem gefa nákvæmlega þessa heildarþyngd út frá þeim fjölda bita sem sagt er fyrir um. Þetta er dæmi um hvernig við erum enn frekar að stíga skrefin í átt til sjálfvirknivæðingar fiskvinnslunnar og segir sig sjálf að í pökkun getum við með tækninni leyst verkefni sem hefði ella þurft margar hendur til. Allt byggist þetta á Innova hugbúnaðar- og upplýsingakerfinu frá Marel sem er að baki okkar búnaði og er tengt við skurðarvélinu og flæðilínuna,“ segir Valdimar.



■ Valdimar Gunnar Sigurðsson, sölustjóri hjá Marel.





# UMBÚÐIR & PÖKKUN ERU OKKAR FAG



## FERSKFISKKASSAR SEM ERU 100% ENDURVINNANLEGIR

CoolSeal kassinn er umhverfisvænn og því  
góður valkostur í stað frauðplastkassa



Gámakassi, vélreistur  
með styrkingu í hornum  
skýr og góð prentun.

Nýr flugkassi, tvöföld langhlið  
sem tryggir meiri styrk og  
betri einangrun.







■ FleXicut skurðarvél frá Marel. Fjórar slíkar hafa verið gangsettar í hérlandum vinnslum á þessu ári.



■ Með bitaskurðarvélunum, vélbúnaði og hugbúnaði sem Marel framleiðir opnast margir nýir möguleikar til hagræðingar í vinnslunum.

### Einhæfu störfin hverfa

Reynslan hefur sýnt að störfin breytast talsvert í húsunum samhliða þessum tæknibreytingum. „Við sjáum að störfin verða fjölbreyttari og fyrirtækin eru að ráða inn í vinnslurnar fólk með meiri tæknipækkingu. Það krefst góðrar breytingastjórnunar að taka við allri þessari nýju tækni og mér finnst fiskvinnslufyrirtækin hafa staðið sig vel í því. Þó alltaf taki ákveðinn tíma að innleiða nýja tækni þá sýnir reynslan að breytingarnar ganga vel,“ segir Valdimar.

Almennt segir hann að forsvarsmenn fiskvinnslufyrirtækja og starfsfólk óttist ekki tæknibreytingarnar heldur þvert á móti. „Margir benda á að ef þeir stígi ekki tækniskrefin og fylgi þróuninni þá sé hættu á að þeir sitji eftir. Og það vilja menn að sjálfsögðu ekki. Fiskvinnslan hér á landi er því mjög framsækin í dag, ég held að mér sé óhætt að fullyrða það.“

### Stefnt á framleiðslu roðrífu, hausara og flökunarvélar

Valdimar segir Marel setja sér það markmið að koma fram með nýjungar á hverju ári.

Fyrirtækið hafi tilkynnt um þau áform að hefja framleiðslu vélbúnaðar á sviðum hvítvinnslunar sem það hefur ekki áður verið á, þ.e. fyrir hausun, flökun og roðdrátt.

„Fyrsta útgáfa okkar af roðrífu er komin í prófunarferli hér á landi en fyrirmyndina sækjum við í búnað okkar fyrir laxavinnslu. Við munum fara með roðrífunu í nokkrar vinnslur, gera prófanir og mælingar sem síðan leggja grunn að lokahönnun vélarinnar. Roðrífan er nokkuð frábrugðin þeim roðdráttarvélum sem hafa verið notaðar í hvítvinnslunni en tveggja brauta roðrífa verður síðan prófuð í beinu framhaldi síðar á árinu,“ segir Valdimar en stefnt er einnig á hönnun á nýjum hausara og flökunarvél fyrir hvítvinnslu.

„Marel hefur framleitt hausara fyrir laxavinnslu og tvær flökunarvélar og við komum til með að nýta okkar þekkingu og reynslu til að framleiða slíkar vélar fyrir hvítvinnsluna. Þegar því þróunarferli lýkur verðum við komin með mjög heildstætt og tæknivætt vinnsluferfi fyrir hvítvinnslu,“ segir Valdimar.

### Rafræn sjón finnur bein

„Mannlaus fiskvinnsla er ekki í sjónmáli en hins vegar er þessum einhæfu störfum í fiskvinnslunni að fækka eftir því sem tæknivæðingunni fleygir fram,“ svarar Valdimar þeirri spurningu hversu langt tæknivæðingin sé í raun komin í vinnsluhúsum.

„Hins vegar eru hlutir í snyrtingunni sem lengi hefur verið horft á og eru erfiðir úrlausnar, t.d. ormahreinsun. Við erum tæknilega að þokast nær því að ráða við slíka þætti en ég held að það sé langt í að vélbúnaður geti leyst mannshöndina og ekki síst mannsaugað af hólmi í flakasnyrtingunni.“

FleXicut skurðarvél frá Marel byggir á röntgentækni og öðrum sjónrænum tæknibúnaði og segir Valdimar að nú sé unnt að finna í vélunni bein ef þau hafa sloppið í gegnum snyrtinguna og taka bitann með beininu til hliðar og fjarlægja það. „Við erum því að skoða hvert einasta flak með tilliti til beina og með það að markmiði að afurðirnar verði örugglega beinlausar. Viðkomandi starfsmaður á flæðilínunni fær

um leið skilaboð um flakið sem hann var að skila og því má segja að við séum farin að vinna með upplýsingar í báðar áttir út frá skurðarvélunni. Okkar sýn er að tækni tali saman með það að markmiði að auka gæði framleiðslunnar. Og um leið aukast möguleikar framleiðendanna til að verða við óskum viðskiptavina sinna. Þetta er meðal annars ástæða sýningarinnar Whitefish Showhow sem við höldum í sýningarhúsi Marel í Kaupmannahöfn þar sem við hittum framleiðendur og berum saman bækur okkar. Gott samstarf við framleiðendur er og hefur verið lykillinn og kjarninn í vörubrúun Marel í gengum tíðina og verður áfram í því sem framundan er,“ segir Valdimar Gunnar Sigurðsson, sölustjóri.

marel.is

## Til hamingju með daginn kæru sjómenn!

Hjá Dynjanda færðu allt fyrir öryggið m.a. fatnað, heymarhlífur og samskiptabúnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.

Dynjandi hefur verið leiðandi á sviði öryggisvara síðan 1954.

Hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.



65 1954-2019  
DYNJANDI  
allt fyrir öryggið

Skeifunni 37 | Sími: 588 5080 | dynjandi.is





Handlyftivagnar málaðir, galvaniseraðir og ryðfríir



Merlo skotbómulyftarar



John Deere dráttarvélar



Dulevo Sópar og skúringarvélar



Rafgeymar Sellur og hleðslutæki



Goupil rafmagnsbílar



**Íslyft ehf**

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF  
 Vesturvör 32 - 200 Kópavogur  
 Sími 564 1600 - islyft@islyft.is



Micro ryðfrí smíði ehf., Skinney-Þinganes og Mátís vinna að verkefni um þróun á nýstárlegum búnað fyrir fiskiskip

# Endurhannaður lóðréttur Dreki fyrir blæðinguna

Í lok síðasta árs styrkti Tækniþróunarsjóður tveggja ára verkefni til endurhönnunar Drekans, sem er blæðingar- og kælingarbúnaður í skipum en að verkefninu standa fyrirtækið Micro ryðfrí smíði, sem framleiðir búnaðinn, sjávarútvegsfyrirtækið Skinney-Þinganes og Mátís. Drekin er vel þekktur búnaður og hefur verið notaður um borð í fjölda skipa í flotanum til blæðingar á fiski, sem er fyrsti áfangi vinnsluferils afla um borð. Micro hefur framleitt búnaðinn frá árinu 2012 en nú er komið að endurhönnun hans og um leið algjörlega nýrri hugsun í útfærslu því næsta kynslóð Drekans verður lóðrétt. Slík útfærsla hefur aldrei áður sést í skipum en ætlunin er að lóðréttur Dreki verði í fjórum nýjum togskipum sem nú eru í smíðum í Noregi en Skinney-Þinganes og Gjögur fá tvö skip hvorft fyrirtæki.



■ Blæðingar- og kælingarbúnaðinn Drekan er að finna í mörgum skipum hér á landi en endurbætt lóðrétt útfærsla hans verður algjör nýjung í fiskiskipum.

## Einsleitni í hráefnis-meðhöndluninni

Mátís kemur að rannsóknarþætti verkefnisins og þann verkhluta annast Sæmundur Elíasson hjá Mátís á Akureyri. „Að okkur snýr til dæmis að bera saman mismunandi leiðir og útfærslur, bera saman gæði á fiski og leggja þannig mat á ávinninginn af búnaðinum. Drekaþúnaðurinn er bæði blæðingar- og kælibúnaður fyrir fisk strax eftir blóðgun og markmiðið er að endurhanna búnaðinn frá



■ Nú er verið að setja niður vinnslubúnað í togarann Skinney SF eftir lengingu skipsins og verður láréttur Dreki í því.

grunni. Nýja útfærslan verður lóðrétt í skipunum í stað þess að vera lárétt á vinnslupílvari, líkt og fram að þessu hefur tíðkast,“ segir Sæ-

mundur en jafnframt breytingu á útfærslunni sjálfri er markmiðið að sjálfvirkni verði meiri en áður og skili auknum gæðum hráefnisins.

Sæmundur segir að Drekaþúnaðurinn sem nú er í skipum hafi reynst afar vel og hafi þann kost að rúmmálsnýting á vinnsludekinu

## Óskum Skinney-Þinganes hf. og áhöfnum á Þóri SF 77 og Skinney SF 20 til hamingju með ný breytt og glæsileg skip



**STÁLSMÍÐJAN  
FRAMTAK**  
EHF





■ Sjávarútvegsfyrirtækin Gjögur og Skinney-Pinganess fá hvort um sig tvö ný togskip síðar á árinu og í þau verður sett þessi nýstárlega útfærsla Drekans.

mikilvægan en kælinguna, sér í lagi þegar um er að ræða fisk sem fer í sóltun.

„Í upphafi þessa verkefnis fór um við yfir árangurinn af notkun Drekabúnaðar í skipum Skinneyjar-Pinganess og þær niðurstöður voru mjög góðar, þ.e. að 10 til 15% hærra hlutfall fisks með þessari aðferð skilaði sér í verðhærra gæðaflokka afurða í saltfiskvinnslu. Blæðingin er sérstaklega mikilvæg hvað saltfiskvinnsluna varðar. Illa blóðgaður fiskur sem fer í salt verður lakari vara eftir verkunarferli og lendir því í verðminni afurðaflokka. Þess vegna skiptir blóðgunin ekki síður máli en kælingin sjálf,“ segir Sæmundur.

matis.is  
micro.is

verði góð en þar skiptir miklu máli að fullnýta plássíð. Í stuttu máli er um að ræða hólfaskipt færiband í lokuðu keru, fylltu af sjó eða kælimiðli. Nafnið Drekin er einfaldlega sótt til samlíkingarinnar við hjólabelti skriðdreka.

„Hugsunin að baki búnaðinum er að allur fiskur fái nákvæmlega jafn langa meðhöndlun sem tryggir einsleitni í hráefnis meðhöndluninni. Fiskur sem kemur í Drekan fer í hólf sem myndast milli tveggja spyrna á bandinu og fer síðan heilan hring í skriðdreka beltinu og er allan tímann á kafi í sjó eða kælimiðli. Með hraðanum á beltinu er hægt að stjórna hve lengi fiskurinn er í blæðingunni en eitt af markmiðum þessa nýja verkefnis er að auka sjálfvirknina í tímastýringunni og innmötun á fiski í Drekan,“ segir Sæmundur en lengd Drekans er mismunandi eftir stærð skipa og rými á vinnsluþilfari.

#### Nýstárleg hugsun

Lóðrétt útfærsla nýja Drekans í skipum Skinneyjar-Pinganess og Gjögurs er athyglisverð þar sem mikið gólfrymi sparast á vinnsluþilfarinu. Drekin kemur til með að ná frá vinnsluþilfari og niður í lest skipsins og verður rýmið lokað.

„Þetta þýðir að fiskurinn kemur úr blóðguninni, fer inn í Drekan og ferðast svo í honum niður í lestina og kemur síðan upp aftur þaðan sem hann heldur svo áfram í kælingu og í kör. Hugmyndafræðilega er þetta mjög einfalt en í verkefninu er verið að leysa ýmsa tæknilega þætti á borð við þríf, viðhald búnaðarins og fleira. Grunnhugmyndin um að fiskurinn fái jafna meðferð í sjóbaði meðan honum blæðir er sú sama og áður en hugmyndin um lóðréttan búnað sem gengur niður í lestina er hins vegar ný af nálinni og mjög áhugaverð,“ segir Sæmundur en smíði togskipanna fjögurra er langt komin í Noregi og verður þessi búnaður settur um borð í þau síðar á árinu.

#### Blóðgun sérstaklega mikilvæg í saltfiskvinnslu

Mikið kastljós er og hefur verið á undanförunum árum á aflameðferð allt frá fyrsta stigi úti á sjó og sér í lagi hafa breytingar orðið hvað kælingu hráefnisins varðar. Lögð er áhersla á að kæla fiskinn sem allra fyrst eftir að hann kemur um borð. Sæmundur segir að innan Matís sé orðin til mikil þekking á þessum ferlum enda hefur fyrirtækið verið virkur þátttakandi í þessari þróun með sjávarútvegsfyrirtækjum og framleiðendum tæknibúnaðar fyrir fiskiskip og fiskvinnslur. Hann segir blæðingarþáttinn ekki síður

## Tækifærin eru endalaus



„Nám sem hefur raunverulega nýst mér í háskóla og við að stíga mín fyrstu skref í frumkvöðlastarfi.“

- Kristján Guðmundur Sigurðsson útskrifaður af gæðastjórnunarbraut, Marel vinnslutækni og nemi við Háskólann í Reykjavík.

Fisktækniskóli Íslands býður uppá fjölbreytt nám í sjávarútvegi á framhaldsskólastigi. Skráning fyrir vorönn er hafin á [www.fiskt.is](http://www.fiskt.is)



**FISKTÆKNISKÓLI ÍSLANDS**  
Icelandic College of Fisheries



# Humarstofninn að hrúni kominn

Humarstofninn hefur verið á hraðri niðurleið undanfarin ár. Síðasta vertíð var sú slakasta frá upphafi veiða og enn syrtir í álinn á þessu fiskveiðiári. Enginn kvóti hefur verið gefinn út, en skipin eru að vinna á heimildum yfirfærðum frá síðasta ári. Haf-rannsóknastofnun hefur lagt til að afli á þessu almanaksári verði ekki meiri en 235 tonn af heilum humri. Það er rúmlega einn tíundi hluti aflans fiskveiðiárið 2010/2011, sem varð þá 2.259 tonn.

## Aðeins sex bátar hafa landað humri

Þetta er gífurlegt áfall fyrir útgerðir á helstu humarhöfnum landsins, sem eru Þorlákshöfn, Hornafjörður og Vestmannaeyjar. Bátum á humri hefur ekki aðeins fækkað hratt, heldur eru verkefni fyrir þá sem enn eru að, miklu minni en áður. Á þessu ári hafa aðeins sex bátar landað humri fram að 20. maí og er aflinn 133 tonn af heilum humri. Bátur Skinneyjar-Þinganes, Þinganes ÁR, er með mestan afla tæplega 50 tonn.


Á síðasta fiskveiðiári varð aflinn 812 tonn miðað við heilan humar og níu bátar lönduðu þá humri. Sé að gamni farið aftur til aldamóta var afli fiskveiðisins þá 1.342 tonn af heilum humri og voru humarbátarnir þá ríflega 30. Einum áratug síðar var humarflinn 2.158 tonn og stunduðu þá 18 bátar humarveiðar.

## Unglingarnir fá minni vinnu

Þessi aflabrestur kemur ekki aðeins niður á útgerðinni. Vinnslan gældur hans auðvitað í svipuðum mæli. Humar er mannaflafrek vinnsla og hafa margir tugir ungmenna jafnan fengið vinnu í humrinum á sumrin. Nú verður lítið um það. Markaðir fyrir heilan humar í sunnanverðri Evrópu hafa að mestu verið í eigu íslenskra útflytjenda. Nú verður engin leið að svara eftirspurn þaðan og verði ástandið viðvarandi er hætt við að þeir markaðir hreinlega tapist. Þá blasir það við að framboð á humri innanlands verður lítið í sumar.

## Tillögur Hafró

Hafrannsóknastofnun ráðleggur að afli ársins 2019 verði ekki meiri en



■ Humar á hafsbotni. Nú eru humarholur taldar til að fá meiri vitneskju um stöðu stofnsins.



■ Hætta er á að erlendir markaðir fyrir humar tapist, verði niðursveiflan í veiðunum langvarandi.



■ Humar er herramannsmatur og vinsæll. Minnkandi framboð mun án efa verða til þess að þessi réttur verði fátíðari á borðum landsmanna.

## FRÉTTASKÝRING



**Hjörtur Gíslason**  
skrifar



■ Humarvinnsla hjá Skinney-Þinganesi á Höfn.

235 tonn svo fylgjast megi með stærðarsamsetningu og dreifingu stofnsins. Jafnframt leggur stofnunin til að allar humarveiðar verði bannaðar í Jökuldjúpi og Lónsdjúpi til verndar uppvaxandi humri. Til að minnka álag á humarslóð ráðleggur Hafrannsóknastofnun einnig til að veiðar með fiskibotnvörpu verði bannaðar á afmörkuðum svæðum í Breiðamerkurdjúpi, Hornafjardardjúpi og Lónsdjúpi.

Þéttleiki humarholna við Ísland (0.07 holur/m<sup>2</sup>) mælist nú með því lægsta sem þekkt meðal þeirra humarstofna sem Alþjóðahafrann-

sóknaráðið veitir ráðgjöf fyrir. Samkvæmt eldri stofnmatsaðferð (VPA), sem beitt var til mats á af-rakstursettu humarstofnsins, er stofnstærð 2019 metin einungis um þriðjungur af gátmörkum (Bpa). Lengdarmælingar á afla og stofnmælingar benda einnig til nýliðunarbrests á undanförunum árum. Veiðar á 235 tonnum árið 2019 ættu að gefa mynd af útbreiðslu og stærðarsamsetningu stofnsins. Hafrannsóknastofnun mun leita eftir auknu samstarfi við útgerðir um vöktun á humarstofninum, t.d. með sýnatökum og skipulagi veiða.

Stofnmatíð í ár er byggt á stofnmælingu þar sem humarholur eru taldar með neðansjávarmyndavélum og er það í þriðja sinn sem slík stofnmælingaraðferð er viðhöfð. Stofnmælingin er talin ná utan um öll þau svæði þar sem humar finnst í veiðanlegu magni. Meðalþyngd humra (130g) er mjög mikil í sögulegu samhengi og skýrist að mestu af þeim nýliðunarbresti sem verið hefur í humarstofninum undanfarin ár og af því leiðir þessi aukna hlutdeild eldri humars í afla.

## Höggið er mikið



„Þessi mikli humarbrestur er gífurlegt áfall fyrir Hornafjörð. Ef við tökum vinnsluna hjá okkur, höfum við verið með allt upp í 80 unglunga í sumarafleysingum í humarvinnslunni. Nú erum við að ráða inn á milli tíu og tuttugu í afleysingar. Humarveiðin hefur verið verkefni fyrir skipin í sex til átta mánuði undanfarin ár. Nú dregst það verulega saman þannig að höggið er mikið, bæði fyrir vinnslu og útgerð og ekki síður það góða starfsfólk sem unnið hefur við humarvinnsluna,“ segir Ásgeir Gunnarsson, framkvæmdastjóri veiða hjá Skinney-Þinganesi á Höfn.

Enginn kvóti verður gefinn út á þessu fiskveiðiári og eru fyrirtækin að vinna á heimildum, sem færðar hafa verið frá síðasta ári, samtals 310 tonn af heilum humri á þessu fiskveiðiári. Þegar því marki verður náð verða veiðarnar stöðvaðar. Hlutur Skinnaeyjar-Þinganes af heildinni er ríflega 120 tonn.

„Framhaldið er svo bara óljóst. Það verður að skýrast hvernig þetta sumar kemur út. Tvö helstu veiðisvæðin eru að öllu leyti friðuð fyrir veiðum nú; þ.e. Lónsdýpið og Jökuldýpið og hefur það óneitanlega áhrif á veiðarnar. Við höfum því áætlað 30% minni veiði á þessu ári og það hefur gengið eftir. Ekki síst vegna þessara lokana,“ segir Ásgeir.

Þinganes hefur engu að síður verið að veiðum fyrir austan á þeim svæðum sem leyflegt er að vera á. Togskipin Skinney og Þórir mun hefja veiðar þar líka en þau voru að koma úr breytingum, líkt og sagt er frá annars staðar í blaðinu. Venjulega hafa bátarnir svo flutt sig yfir á vestur-svæðið eftir sjómannaðag og verður það eins á þessu ári.

Íslendingar hafa nánast átt markaðinn fyrir heilan humar í Suður-Evrópu og segir Ásgeir að þessi mikli samdráttur hafi mjög slæm áhrif á markaðinn til lengri tíma. Fyrir vikið verði hvorki hægt að sinna þörfum þess markaðar né eftirspurn hér heimafyrir. Þetta megi ekki standa lengi yfir því þá geti markaðurinn hreinlega glatast.





# ÞORLÁKSHÖFN

## - framtíðarstaðsetning fyrir þitt fyrirtæki?

Mykines, vöruflutningaskip Smyril Line Cargo siglir vikulega allan ársins hring á milli Þorlákshafnar og Rotterdam. Flutningstíminn með Mykines er sá stysti sem í boði er á SV-horni landsins í sjóflutningum til og frá landinu.

Þorlákshöfn er á SV-strönd landsins og er hún eina flutnings- og fiskiskipahöfnin á Suðurlandi allt austur að Hornafirði. Frá Þorlákshöfn eru góðar og greiðfærar samgöngur á landi til allra átta, aðeins 40 km til Reykjavíkur og ekki nema 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, eftir Suðurstrandarveginum.

Í Þorlákshöfn er mikið úrval lóða ætlaðar fyrirtækjum af ýmsum stærðum og gerðum. Fyrir liggur skipulag á stóru iðnaðar- og þjónustusvæði við höfnina og á upplandi hafnarinnar. Landrymi er mikið og aðstæður allar góðar til uppbyggingar.

Staðsetningin er mjög heppileg út frá helstu skilyrðum sem fjárfestar setja t.d. um staðarval fyrir iðnað og framleiðslu en er ekki síður kjörin vegna annarrar starfsemi.

**Ef þetta eru kostir sem henta þínu fyrirtæki og/eða áhugi er á að skoða málið betur þá tökum við vel á móti þér.**



**ÖLFUS**

olfus@olfus.is  
thorlakshofn.is

Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn  
480 3800



Sjómenn er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfyrirtækja

# Flestir fá styrki til framhaldsnáms eða fara starfstengt nám

Sjómenn er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfyrirtækja og veitir styrki bæði til einstaklinga og fyrirtækja til náms og námskeiðahalds. Markmið Sjómenntar er að sögn Kristínar Njálisdóttur framkvæmdastjóra að treysta stöðu sjómanna á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína og gera þá hæfari til að takast á við ný og breytt verkefni. „Við höfum sinnt stuðningsverkefnum af ýmsu tagi sem og þróunaraðgerðum með það að markmiði að hvetja sjómenn til að sækja sér aukna eða annars konar menntun,“ segir hún.

Kristín segir að árlega séu veittir styrkir til um 200 sjómanna um allt land. Flestir þeirra fá styrki til framhaldsnáms eða í annað starfstengt nám en einnig er töluverð ásókn í þeirra hópi að ná sér í 30 tonna réttindi eða aukin ökuréttindi. Árið 2018 voru 8% þeirra sem fengu styrki úr Sjómennt í háskólanámi.

Kristín segir að einhver fækkun hafi orðið í styrkveitingum í gegnum Sjómennt frá upphafi starfseminnar en skýringa á þeirri breytingu



■ Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri Sjómenntar.

ingu megi meðal annars leita í því að almennt hafi sjómönnum fækkað og þar af leiðandi eru þeir færri sem aðild eiga að sjóðnum. Nýting á sjóðnum hefur þó verið nokkuð stöðug síðastliðin 3-4 ár en á því tímabili hefur sjóðurinn unnið markvisst með símenntunarmiðstöðvum við að ná til sjómanna og bjóða upp á nýjar leiðir í námi.



■ Markmið með starfsemi stuðningssjóðsins Sjómenntar er að treysta stöðu sjómanna á vinnumarkaði með því að gefa þeim kost á að efla og endurnýja þekkingu sína.

Mynd: Þorgeir Baldursson

## Fyrirtækin vakandi fyrir aukinni menntun starfsmanna

Styrkjum sem Sjómennt hefur veitt fyrirtækjum hefur fjölgað með árunum en meðal þess sem í boði er má nefna verkefni sem heitir Fræðslustjóri að láni og stendur yfir í ákveðinn skilgreindan tíma, fræðslustjórinn greinir fræðsluþarfir fyrirtækisins og í framhaldinu er

gerð áætlun um fræðslu sem best hentar viðkomandi fyrirtæki. „Verkefni af þessu tagi hafa reynst vel, þau aðstoða fyrirtækin við að koma á markvissu skipulagi á endur- og símenntun starfsmanna sinna,“ segir Kristín.

Eitt af þeim verkefnum sem Sjómennt hefur þróað í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar nefnist Sjósókn og er ætlað

sjómönnum sem ekki hafa lokið framhaldsskóla. Markmiðið er að sögn Kristínar að starfandi sjómenn fái reynslu sína og þekkingu metna inn í nám sem þeir geti stundað samhliða vinnu. Þá má nefna að Sjómennt hefur boðið upp á raunfærnimat sem margir hafa skráð sig í, en það snýst m.a. um ýmsar greinar sem tengjast sjávarútvegi og nýtist reynsla af sjómennsku þar vel. Margir sóttu sér í kjölfarið nám í Menntastöðum sem í boði er hjá símenntunarmiðstöðvum og eins hófu nokkrir nám í Marel fisktækni og vinnslutækni hjá Fisktækniskóla Íslands og einnig í gæðastjórnunarnám sem boðið er upp á hjá sama skóla. Fisktækniskóli Íslands er í Grindavík.

„Það er óhætt að segja að verkefni af þessu tagi hafa skipt sköpum í tengslum við það að koma á námi fyrir sjómenn og fyrirtækin hafa séð hag sinn í því að taka virkan þátt,“ segir Kristín.

sjomennt.is

Óskum Skinney-Þinganes hf.  
og áhöfnum á Þóri SF 77 og Skinney SF 20  
til hamingju með nýbreytt og glæsileg skip

RAFTÍÐNI EHF

Grandagarður 16  
101 Reykjavík  
Sími 552 8710  
raftidni@raftidni.is  
www.raftidni.is



# Stólpi Gámar

## fyrir atvinnulífið



## Til hamingju sjómenn



Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS**, vörulyftur frá **Maber** og skemmur frá **Hallgruppen**.



[www.stolpigamar.is](http://www.stolpigamar.is)

 **Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



# Varðveita söguna og miðla til almennings

„Hér eru fjölbreytt verkefni fyrir hendi á hverjum degi. Við erum með grunnsýningar í þremur ólíkum húsum og fjöldi gesta fer vaxandi ár frá ári. Við sinnum jafnframt öðrum verkefnum eins og skráningu, varðveislu og rannsókn. Eitt af meginhlutverkum okkar er að varðveita söguna og miðla henni til almennings,“ segir Anita Elefsen safnstjóri Síldarminjasafns Íslands á Siglufirði. „Það er alltaf heilmikið um að vera hjá okkur, sumt sýnilegt og annað meira á bak við tjöldin, en allir dagar eru skemmtilegir og verkefni ólík.“

## Endurbygging Salt-hússins stórverkefni

Anita nefnir að stærsta verkefnið sem unnið hefur verið að undanfarið ár sé endurreisn Salthússins svokallaða. Húsið var flutt sjóleiðis frá Akureyri til Siglufjarðar árið 2014 og gerð tíu ára áætlun um uppbyggingu þess. Norskir athafnamenn keyptu húsið að því að talið er frá Hvítahafsströnd Rússlands og fluttu til Tálknafjarðar árið 1893 þar sem það var endurreist sem hluti af hvalstöð. Það var flutt til Akureyrar árið 1943 og var í eigu KEA, en var tekið niður 1999 og geymt undir plasti í 15 ár þar til það var flutt sjóleiðina til Siglufjarðar.

## Veturinn í síldarbænum

Húsið var reist á nýjum grunni fyrir tæplega fimm árum síðan og hefur nú tekið á sig allt aðra mynd en var. Það er klætt með standandi panelklæðningu, gluggar komu úr Bessastadstofu og hurðarnar eru sérsníðaðar. Húsið er allt að því fullgert að utan, en innanhúss bíða allmörg handtök. Anita segir að húsið muni hafa fjölbættan tilgang – en fyrst og fremst verði það varð-



■ Húsakostur Síldarminjasafnsins í hjarta bæjarins á Siglufirði.



■ „Hér á Síldarminjasafninu eru sjaldnast tveir dagar eins en fyrir vikið er starfið fjölbreytt, krefjandi og síðast en ekki síst skemmtilegt,“ segir Anita Elefsen safnstjóri á Síldarminjasafninu á Siglufirði.

veisluhús fyrir safnkost Síldarminjasafnsins.

Húsið er um 600 fermetrar að

stærð, á tveimur hæðum, og stendur á miðri safnlóðinni, milli Róaldsbrakka og Gránu. Á bæði efri

og neðri hæð hússins verða varðveislurými fyrir safnkost auk sérútbúinnar ljósmyndageymslu. Þar

að auki er gert ráð fyrir safnverslun og kaffihúsi, sem og ríflega 100 fermetra rými á efri hæð hússins fyrir nýja sýningu sem mun fjalla um veturinn í síldarbænum. „Lífið á Siglufirði snerist um síldina að sumri – en eitthvað allt annað að vetri. Í nýrri sýningu munum við fjalla um þá þætti atvinnu- og mannlífsins sem blómstruðu að vetrum,“ segir hún.

## Ferðast um og ræðir við fólk sem vann í síld

Anita segir að söfn hafi margvíslegt hlutverk, m.a. að rannsaka, skrá, varðveita og miðla. Unnið er að rannsóknum og skráningu á gríðarstórum safnkosti Síldarminjasafnsins allan ársins hring, en þar að auki er unnið að ýmsum átaksverkefnum. Anita hefur verið á ferðinni víða um land undanfarnar vikur ásamt kvikmyndatökumanni og tekið viðtöl við fjöldann allan af fólki sem starfaði í síld á árum áður, ýmist við veiðar, söltun,

## Umfangsmiklar sýningar



Sýningar Síldarminjasafnsins eru í fimm húsum; í Róaldsbrakka, Gránu og Njarðarskemmu, Bátahúsinu og Gamla Slippnum. Sýningar safnsins eru um 2500 fermetrar að grunnfleti sem gerir safnið að einu því stærsta hér á landi. Skipulögð uppbygging safnsins hófst árið 1989 fyrir tilstuðlan sjálfbodliða. Var þá þegar lögð áhersla á umfangsmikla söfnun, endurgerð Róaldsbrakka og byggingu annarra safnhúsa, sem og hönnun sýninga í hverju húsinu á fætur öðru. Síldarminjasafnið hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir sýningar sínar, og ber helst að nefna Íslensku safnverðlaunin árið 2000 og Evrópuverðlaun safna árið 2004.

Safnsvæðið er ansi umfangsmikið og eru jafnan sýningar utandyra líka. Safnkosturinn samanstendur af fjölda gripa, bæði stórum og smáum,

og í ólíkum safnhúsum fá gestir innsýn í hið stórbrotna og heillandi síldarævintýri, í stóru samhengi. Róaldsbrakki er norskt síldarhús frá 1907. Þar er flest eins og var á árum áður þegar síldarstúlkur bjuggu í húsinu sumarlangt.

Í Gránu er að finna dæmi um litla síldarverksmiðju frá því á fjórða áratugnum og kynnast gestir þar sögu bræðsluðnaðarins, sem löngum var kallaður fyrsta stóriða Íslendinga. Í Bátahúsinu er leitast við að endurskapa lítinn hluta af síldarhöfninni á landlegukvöldi um 1950 og gefa gestum tækifæri til að gera sér í hugarlund, hvernig það var að ganga um siglirsku bryggjurnar um miðja síðustu öld. Í Gamla Slippnum er sýning um sögu bátasmíða á Siglufirði í 200 ár en þar er í senn sýningarstaður og lifandi vettvangur fyrir viðgerðir báta og nýsmíði.






KONGSBERG



K-Chief 600 viðvörðunarkerfi

**NORTHROP GRUMMAN**  
**Sperry Marine**




Simrad  
Lágtíðni sónar

**SIMRAD**



Omni Höfuðlínusónar



Chirp dýptarmælir




Zodiac  
Seacom 200



Hytera MD 785

*Óskum sjómönnum og fjölskyldum  
þeirra til hamingju með daginn*




VisionMaster FT ratsjá



Navigat 100 gýrókompás



JRC JLN-652 Straummælir



JRC JMR-5400 Ratsjá

Askalind 2  
201 Kópavogur

**Simberg**  
Sími: 414-4414

www.simberg.is  
simberg@simberg.is



bræðslu eða netagerð. Meginmarkmiðið er að afla heimilda um líf og störf fólks, tíðarandann, rómantíkuna, erfiðnið, tilfinningarnar, tónlistina, félagslífið, verkunaræferðir, hjátrú og aðra mikilvæga þætti þessa tímabils í sögu þjóðarinnar og varðveita á Sildarminjasafninu.

Elsti viðmælandinn er 98 ára og saltaði síld á Siglufirði og í Hrísey. Anita segir að verkefnið sé unnið á elleftu stundu því þeim sem störfuðu í síld, bæði á landi og sjó, fækki eftir því sem árin líða. „Þetta er afar dýrmæt heimildaöflun og bráðnaðsynleg. Það er mikilvægt að skrá og varðveita frásagnir fólks af störfum sínum í síldinni, reynslu- og ævintýrasögur. Efnið verður allt varðveitt á safninu en við munum jafnframt velja stutt brot úr völdum viðtölum til miðlunar í sýningum safnsins. Við höfum skynjað það að gestir okkar vilja gjarnan heyra sögur af síldarstúlkum, sjómönnum og öðrum sem unnu í síldinni og gerum við því ráð fyrir að lifandi frásagnir frá fyrstu hendi vekji mikinn áhuga gesta og dýpki skilning þeirra á þeirri sögu sem miðlað er á safninu.“

### 200 þúsund ljósmyndir

Annað stórt og viðamikilið verkefni sem starfsfólk Sildarminjasafnsins vinnur að snýr að skráningu og greiningu á Ljósmyndasafni Sildarminjasafnsins. Safninu var afhent Ljósmyndasafn Siglufjarðar fyrir fáum árum og margfaldaðist umfang ljósmyndaeignar safnsins þar með. Í vörslu Sildarminjasafnsins eru nú hátt í 200 þúsund ljósmyndir, filmur og glerplötur og segir Anita heilmikla vinnu hafa verið lagða í skráningu þess, sem er hvergi nærri lokið þó alltaf þokist áleiðis. Mikilvægur þáttur í greiningarvinnunni er samstarf við eldri borgara á Siglufirði en einu sinni í viku stendur starfsfólk safnsins fyrir skipulögðum ljósmyndasýningum á dvalarheimilinu Skálarhlíð og nýtur aðstoðar eldri borgara við að greina nöfn á fólki, húsum, staðarhætti og annað sem fyrir ber á myndunum.

„Þessar heimsóknir hafa gefist



■ Stærsta verkefnið sem unnið hefur verið að undanfarin ár á vegum Sildarminjasafnsins er endurreisn Salthússins. Húsið er allt að því fullgert að utan, en innanhúss biða allmörg handtök.



■ Í meginsýningarrými Batahússins er endursköpuð stemning sildarhafnarinnar frá 1950-'55. Þar liggja síldarskip og bátar við bryggjur með viðeigandi veiðarfærum og gamlar kvikmyndir frá síldveiðum sýndar á stóru tjaldi. Í bryggjuskúrum eru netagerðarmönnum og smábátaútgærd gerð skil.

afskaplega vel og eru okkur mjög dýrmætir en sem dæmi má nefna að á árinu 2018 fengust upplýsingar um 3.300 ljósmyndir úr safninum,“ segir Anita.

### Aðsóknarmet slegin ár eftir ár

Á liðnum árum hefur hvert aðsóknarmetið á fætur öðru verið slegið en árið 2018 komu tæplega

28 þúsund gestir á Sildarminjasafnið og hafa aldrei verið fleiri. Anita segir að mikil umskipti hafi orðið í kjölfar þess að Héðinsfjarðargöng voru opnuð árið 2010. „Sú

samgöngubót leiddi til þess að við fáum nú gesti allan ársins hring, þó vissulega sé enn mikill árstíðamunur og mest umferð að sumarlagi eins og gefur að skilja.“

Anita segir að erlendir ferðamenn séu ríflega 70% gesta safnsins og hefur þeim fjölgað ár frá ári. Það má meðal annars rekja til þess að sífellt fleiri skemmtiferðaskip staldra við á Siglufirði og gestir þeirra sækja safnið í töluverðum mæli.

Hún segir að árið í ár verði líklega engin undantekning. „Við eigum von á miklum fjölda gesta í skipulögðum heimsóknum auk þess sem aðrir gestir eru fjölmargir. Safnastarfið tekur töluverðum breytingum yfir sumarið, en þá gefst minni tími til rannsókna, skráningar og annarra faglegra starfa en gesta-móttaka og miðlun verður veigamest. Hér á Sildarminjasafninu eru sjaldnast tveir dagar eins – en fyrir vikið er starfið fjölbreytt, krefjandi og síðast en ekki síst skemmtilegt,“ segir hún og nýtir tækifærið og sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni dagsins.



Stemningin á síldarplönunum á Siglufirði verður endurvakin oft í sumar, bæjarbúum og gestum til ánægju og fróðleiks.

## Sjötíu síldarsaltanir í sumar

Sildarminjasafnið hefur um árabíl sett upp síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka þar sem síldarstúlkur sýna gömlu handtökin við að hausskera, slóðdraga og leggja síldina niður í tunnur. Það er jafnframt sungið, dansað og slegið upp bryggju-balli en tilgangurinn er að vekja upp gamla andann af síldarplönunum sem og að varðveita verkþekkinguna. Anita segir sýningarnar alla tíð hafa notið mikilla vinsælda og er þar ekkert lát á því í sumar eru 70 sýningar bókaðar.

„Það er heilmikið umstang í kringum hverja

sýningu, bæði hvað varðar undirbúning og frágang. En þetta væri ekki mögulegt án síldargengisins svokallaða; síldarstúlkanna og -strákanna sem halda uppi fjörinu og eru mikilvægur þáttur í miðlun til gestanna,“ segir Anita. Síldina fær safnið heilfrysta frá Síldarvinnslunni og með auknum vinsældum er sífellt meiri síld verkuð á planinu við Róaldsbrakka. Að lokinni hverri sýningu er síldinni umsaltað og hún þekluð og er svo nýtt til fódurs fyrir bæði hross og sauðfé hjá bændum í nágrennabyggðum.

**THERMOLITE®**

**-40°C**  
(-40°F)

**JÓN BERGSSON EHF.**

Kletthálsi 15 - 110 Reykjavík  
Sími 588 8886 - Fax 588 8944  
jon@jonbergsson.is - www.jonbergsson.is

**BEKINA**  
BOOTS BUILT TO LAST



# Togararnir Skinney og Þórir komnir heim eftir miklar lengingar

**Tvö skipa Skinneyjar-Þinganes, Skinney og Þórir, eru nú komin heim eftir lengingar í Póllandi. Á þeim voru einnig gerðar ýmsar endurbætur sem lúta að meðhöndlun afla og aðbúnaði áhafnar. Skipin fara á næstunni til humarveiða.**

„Skipin voru lengd um tæpa 10 metra. Settir voru átta metrar í miðjuna á þeim og 1,6 metri aftur í skut, þ.e. skutrennan lengd. Þessir átta metrar koma á helsta vinnusvæðið í skipunum, bæði á netadekki, millidekki og lest, þannig að þar er gífurleg stækkun,“ segir Ásgeir Gunnarsson, framkvæmdastjóri veiða hjá Skinney-Þinganesi.

## Togað og teygt á ýmsa vegu

„Við hækkuðum stýrishúsið um 1,5 metra og byggðum yfir bakkann að framan. Því er trolldekkið orðið allt annað og betra til meðferðar á veiðarfærum og afla. Íbúðir voru aðeins endurbættar og bætt við setustofu og tveimur klefum og stakkageymsla stækkuð. Það var því togað og teygt á ýmsa vegu.“

Skipasmíðin Nauta í Gdynia sá um breytingarnar á skipunum. Nú er verið að setja niður nýja aðgerðar- og blæðingarlínu og kælikör sem hönnuð var í samstarfi við Micro. Valka annaðist hugbúnaðinn í þessu kerfi. Önnur fyrirtæki sem komu við sögu eru Kæling með kælihlutann, en allur fiskur verður kældur með RSW sjókelingu og verður íslaus í lest, Raf-tíðni sá um rafmagnshlutann, Naust Marine endurbætti spilkerfið, Stálsmiðjan Framtak annaðist stálvinnuna og Megapíp sá umpíplagnir.

## Getum hámarkað gæði aflans

„Þetta eru orðin mun meiri skip og öll vinnuástaða hefur verið bætt til muna. Við getum nú hámarkað gæði aflans, bæði með blæðingu og kælingu og í raun allri meðhöndlun. Það á við um bæði bolfisk og humar. Þó blikur séu á lofti í humarveiðum erum við að hugsa til framtíðar og með þessum breytingum eigum við að geta minnkað brot á humri umtalsvert,“ segir Ásgeir. Bæði skipin voru smíðuð í Tævan fyrir 10 árum og voru fyrir

breytingarnar 29 metra löng. Bæði skipin halda til humarveiða á næstunni.

Miklar breytingar eru því að verða á bolfisk- og humarflota Skinneyjar-Þinganes. Togskipin

Steinunn og Hvanney hafa verið seld til Nesfisks í Garði og verða afhent um mitt sumar og í haust. Þá er Þinganes til sölu en Skinney-Þinganes á tvö ný skip í smíðum sem fyrirtækið fær afhent í haust.



■ Skipin í Hafnarfjarðarhöfn, en þar er vinnslubúnaður frá Micro settur um borð.

Ljósmynd: Hjörtur Gíslason

S J Ó M A N N A D A G U R I N N 2 0 1 9

## Sjómenn, til hamingju!

**VM - Félag vélstjóra  
og málmæknimanna  
óskar sjómönnum og fjölskyldum  
þeirra til hamingju með daginn**



■ Ásgeir Gunnarsson, framkvæmdastjóri veiða hjá Skinney-Þinganesi, er ánægður með breytingar á skipunum.



VM, Félag vélstjóra og málmæknimanna





# Sjómaður frá 16 ára aldri

Tómas Kárason, skipstjóri á uppsjávarskipinu Beiti NK-123, talar um byltinguna með stærri skipum, öryggismeðvitund sjómanna, veiðiskapinn og jákvæðari viðhorf til sjómenskunnar

Norðfirðingurinn Tómas Kárason hefur verið sjómaður frá árinu 1982. Hann byrjaði sína sjómennsku 16 ára gamall sem háseti á þáverandi Beiti, skipi Síldarvinnslunnar og er í dag skipstjóri á núverandi Beiti NK-123 sem er eitt öflugasta uppsjávarskip landsmanna. Tómas hefur því kynnst þeirri byltingu sem verður á allri aðstöðu sjómanna með endurnýjun og stækkun skipanna sem hann segir eiga mikinn þátt í að auka öryggi áhafnanna og fækka slysum. Tómas fagnar sjómannaárinu líkt starfsbræður hans á sjónum og segist alltaf hafa unað sér vel í starfinu.

**Mokveiddu kolmunna á gamla Berki**  
„Ég byrjaði og var háseti á gamla Beiti í nokkur ár en síðan var ég í nokkur ár á skuttogurunum hér hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað. Beitir var á þessum árum bæði á loðnunni en líka á botnfiski og til að mynda söltuðum við aflann um borð fyrsta árið mitt. Þetta voru 16 sólarhringa langir túrar sem takmörkuðust fyrst og fremst af olúfubirgðunum sem við höfðum um borð en aflinn var fluttur og saltaður í stæður í lestinni. Á þessum tíma voru nokkur skip að salta um borð enda skilaði það góðri afkomu en svo lagðist það af með tíð og tíma,“ segir Tómas en eftir að hafa verið á skuttogurunum lá leiðin á uppsjávarskipið Bórk árið 1998. Tómas hafði þá í millitíðinni lokið námi í Stýrimannaskólanum og varð stýrimaður á Berki en skipstjóri var Sturla Þórðarson.

„Þarna voru kolmunnaveiðar komnar í fullan gang og við gerðum á þessu skipi eitt allra besta kolmunnaárið í sögunni, veiddum milli 70 og 80 þúsund tonn og 50% af því var kolmunni. Það er mikið magn á svona skipi. Á þessum tíma sóttum við mikið í Rósagarðinn á kolmunnaveiðar og suður undir Færeyjar ef á þurfti að halda. Stundum fórum við líka á Rockall svæðið en fyrst og fremst var mikinn afla að hafa í Rósagarðinum á vorin og síðsumars, þegar göngurnar voru að koma norðureftir á vorin og ganga í suður seint á sumrin,“ segir Tómas og bætir við að kolmunnaveiðar séu þess eðlis að mikinn vélarkraft þurfi til að ráða við þær. Kolmunnatorfurnar geta verið stórar og þéttar suður á Rockall, en oft á tíðum talsvert dreifðari þegar norðar dregur og skiptir þá yfirferðin og stærð trollana miklu máli.

„Þetta sá maður vel á Berkinum á sínum tíma því þegar sett var stór og öflug vél í skipið fór okkur að ganga miklu betur og í raun glimrandi vel í veiðunum. Á kolmunnunum þarf að nota mjög stór troll en þessar veiðar eru svolítið frábrugðnar öðru þar sem við getum bæði þurft að ná í hann niður undir botni og líka ofarlega í sjó. Það er því svolítið munur á þessum veiðum og loðnunni, svo dæmi séu tekin,“ segir Tómas.

## Háttalag loðnunnar stóra spurningarmerkið

Sem kunnugt er voru engar loðnaveiðar í vetur og það setur strik í reikning útgerðar skips á borð við Beiti. Skiptir vitanlega talsverðu máli líka fyrir tekjuöflun sjómanna, sem annarra sem hafa atvinnu af loðnveiðunum. Tómas segir að þetta árið hafi Beitir hafið kolmunnaveiðar suður á Rockall svæðinu fljótlegra í febrúar þegar útséð var um loðnveiðarnar og gengið ágætlega nú á útmánuðum. Kolmunnaafli Beitis var orðinn um 20 þúsund tonn þegar gert var hlé nú um miðjan maí en Tómas reiknar með að aftur verði haldið til kolmunnaveiða



■ Skipstjórinn Tómas Kárason í brúnni á Beiti NK-123 ásamt eiginkonu sinni, Dagmar Helgu Traustadóttur. „Breytingunni yfir í skip eins og núverandi Beiti er varla hægt að lýsa, svo mikil er hún,“ segir Tómas sem áður var á eldri uppsjávarskipum Síldarvinnslunnar.



■ Beitir NK með nótina á síðunni. Skipið kom ársgamalt í flota Síldarvinnslunnar árið 2015 og er eitt öflugasta uppsjávarskip landsmanna.

fljótlegra eftir sjómannaárinu. „Þá býst ég við að við reynum fyrir okkur í Rósagarðinum,“ segir hann.

Tómas segir, líkt og aðrir sem fylgjast grannt með loðnustofninum, að ógjörningur sé að fullrýða um framhaldið og næstu vertíð. Margir velta fyrir sér ástæðum þeirra miklu sveiflna sem eru í loðnuafnanum og breytingum í göngunum. Sumir telja að veiðarfærin og sérstaklega notkun flottrolls hafi áhrif og segir Tómas að ekkert sé hægt

að fullrýða um það af eða á. „Það getur vel verið að notkun flottrollsins hafi áhrif en samt höfum við líka séð vertíðir þar sem lítið fékkst í flottroll en samt var mokveiði í nótina. En það er rétt að umræðan er alltaf meira á þann veg að trollið styggi torfurnar og dreifi loðnunni meira. Við sem erum á þessum veiðiskap veltum þessu mikið fyrir okkur eins og aðrir án þess að svörin liggja í augum uppi en við erum líka að sjá breytingu á hitastigi sjávar sem hugsanlega hefur

áhrif á göngumynstur loðnunar,“ segir Tómas en loðnaveiðar í flottroll hófust hér á landi í kjölfar reynslu Norðmanna. „Við á gamla Beiti vorum með þeim fyrstu sem byrjuðum að veiða loðnu í flottroll og gekk mjög vel. Þegar loðnan var að ganga hér suður með Austfjörðum og var dreifð fyrir utan kantinn þá hentaði flottrollið og við vorum að fá mjög stóra og fallega loðnu.“

”

Skipin sjálf eru grundvallaratriðið í auknu öryggi og lægri slysatíðni en síðan að sjálfsögðu er það áhöfnin, þekking manna um borð og meðvitund um öryggismálin sem skipta líka máli.“



# Stígðu ölduna með okkur

Við bjóðum hagnýtt framhaldsnám til alþjóðlegra skipstjórnarréttinda og stúdentsprófs - **Innritun stendur yfir**

Tækniskólinn  
skóli atvinnulífsins





### Loðnu- og makrilleit með flugvél vænleg aðferð

Beitir mun eins og síðustu ár fara túra á makríl þegar líður á sumarið og síðan á síld í haust en stóra spurningarmerkið er loðnuvertíðin næsta vetur. Tómas tók á sínum tíma þátt í loðnuleit með flugvél fyrir norðan landið og hann segist gjarnan vilja taka þátt í slíku á hafsvæðinu vestur og norðvestur af landinu næsta vetur.

„Loðnan var mjög dreifð hér við landið núna í vetur, menn urðu hennar víða varir og sást loðna og hrogn víða í fjörum undir vorið. Undir lok vertíðartímans var einungis eitt skip við leit vestur af landinu og því auðvelt að missa t.d. af vesturgöngu. Ég held að það væri áhugavert að fylgjast með úr lofti og horfa eftir hval og fuglalífi sem gjarnan bendir til loðnugöngu. Makrillinn getur einnig verið vel sýnilegur úr lofti þegar hann veður á góðviðrisdögum. Leit með þessum hætti gefur ekki síður raun en á sjó við réttar aðstæður fyrir þessar tvær tegundir og leitarhraðinn er líka meira en tífaldur,“ segir Tómas sem reyndar er sjálfur flugmaður.

### Öflugra skip og öryggari vinnustaður

Beitir og önnur stór uppsjávarskip flotans eru verulega frábrugðin þeim skipum sem voru í næstu kynslóð á undan. Fulllestuð voru þau nánast í kafi og Tómas viðurkennir að þá hafi skipstjóranum í brúnni ekki alltaf verið rótt.

„Breytingunni yfir í skip eins og núverandi Beiti er varla hægt að lýsa, svo mikil er hún. Fyrst og síðast er öryggi sjómanna miklu meira, sem til dæmis sést á því að við höfum nánast verið án óhappa síðan skipið kom árið 2015, þá ársgamalt. Skipin sjálf eru grundvallaratriðið í auknu öryggi og minni slysatíðni en síðan að sjálfsgöðu er það áhöfnin, þekking manna um borð og meðvitund um öryggismálin sem skipta líka máli. Hjá Síldarvinnslunni er gott kerfi sem heldur utan um atvik um borð, líka þau þar sem slys hefði getað orðið. Menn fara yfir þessi atriði, gera breytingar ef þarf og þannig er sífellt unnið í því að tryggja öryggið. Starf Slysavarnaskóla sjómanna hefur líka breytt allri hugsun sjómanna og skilað stétinni frábærum árangri.“

### Engin hróp og köll lengur

Á flottrollsveiðum á Beiti eru 8 menn í áhöfn en 11-12 þegar veitt er í nótt. Tómas segir að áður fyrr hafi verið algengt að 16 menn væru í áhöfn uppsjávarskipanna þannig að breyting er orðin hvað þetta varðar með stærri og breyttum skipum.

„Annað atriði hefur líka breytt miklu í skipum frá fyrri tíð og það er tilkoma hljóðkerfisins. Við byrjuðum með þetta á sínum tíma á Berki og nú tíðkast þetta almennt í skipum. Menn eru með hjálma og hljóðnema og þannig eru allir tengdir saman



■ Stýrimannsferil sinn hóf Tómas á Berki NK sem var mikið aflaskip og náði einu sinni yfir 70 þúsund tonna afla, þar af var helmingur kolmunn.



■ Tómas á flugvél og er mikill áhugamaður um flug. Hann fullyrðir af reynslunni að leit að loðnu og makríl með flugvélum geti borið mun meiri árgangur en leit á sjó.



■ Góður afli í flottrolli Beitis á kolmunnamiðunum. Þær veiðar krefjast mikils vélaraflds og öflugra skipa.

á kerfið og tala sín á milli í rólegheitunum. Engin hróp og köll eða bendingar út á brúarvæng. Bara þetta atriði gerir að verkum að

allt verður rólegra og yfirvegaðra í vinnunni um borð. Menn eru líka í björgunarvestum með innbyggðum neyðarsendum úti á dekki og þannig virkjast sendir um leið ef menn lenda í sjó. Þetta veitir mönnum líka ákveðið öryggi í sinni vinnu um borð. Vinnustaðurinn er því á margan hátt orðinn allt öðruvísi en hann var þegar ég var að byrja,“ segir Tómas.

### Jákvæðara viðhorf í garð sjómennskunnar

Mikill stöðugleiki er í áhöfn Beitis og eru allir í skiptikerfi sem þýðir að tveir menn skipta plássinu á milli sín. Þeir hliðra þannig sín í milli eins og best hentar án þess að skipstjórinn þurfi nálægt því að koma.

„Þetta er mjög gott fyrirkomulag og gerir að verkum að menn geta skipulagt sín frí með sínum fjölskyldum. Í dag er mun meira

”

En ég er reyndar ekki alveg frá því að viðhorfið gagnvart sjómennskunni hafi líka eitthvað verið að breytast til batnaðar að undanförunum. Sjómennskan virðist vera að komast meira í tísku og það er gott.“

horft á að reyna að gera starf sjómanna fjölskylduvænna og menn róa ekki stíft vikum og mánuðum saman eins og stundum þekktist áður fyrr,“ segir Tómas og bætir við að óvenju mikið hafi verið hringt og spurt eftir skipsplassi síðustu mánuðina.

„Við skipstjórnarnir finnum mjög gjarnan hvernig árar í þjóðfélaginu og á atvinnu-markaðnum og getum mælt það af fyrirspurnum um skipsplass. En ég er reyndar ekki alveg frá því að viðhorfið gagnvart sjómennskunni hafi líka eitthvað verið að breytast til batnaðar að undanförunum. Sjómennskan virðist vera að komast meira í tísku og það er gott,“ segir Tómas sem unni sér vel á sjónum. „Þetta er fjölbreytt og skemmtilegt starf sem ég hef alltaf kunnað vel að meta.“

## HIN HLIÐIN

# Langar að koma aftur til Hríseyjar



Maður vikunnar að þessu sinni er Guðfinnur Friðjónsson sem vinnur við að selja fisk, en hann byrjaði að vinna við sjávarútveg 1971 þegar hann var á togaranum Barða NK í Neskaupstað. Hann segir það fjölbreytilegt að vinna við sjávarútveginn og alltaf sé nóg að gera.

#### Nafn?

Guðfinnur Friðjónsson.

#### Hvaðan ertu?

Ég er frá Keflavík.

#### Fjölskylduhagur?

Giftur og 3 börn.

#### Hvar starfar þú núna?

Ég starfa hjá Hafinu fiskverslun í Hlíðasmára.

#### Hvenær hófst þú vinnu við sjávarútveg?

Ég byrjaði árið 1971 á Barða NK 120 á Neskaupstað.

#### Hvað er það skemmtilegasta við að vinna við íslenskan sjávarútveg?

Þetta er fjölbreytt starf og alltaf nóg að gera.

#### En það erfiðasta?

Þegar það voru miklar brætur á sjónum.

#### Hvað er það skrytnasta sem þú hefur lent í í störfum þínum?

Þegar við vorum að flýja Bretana í stríðinu um 50 mílna lögsöguna.

#### Hver eftirminnilegasti vinnufélagi þinn?

Það eru nokkrir skrautlegir en Ingvi Mór, Ari Sigurjónsson, Lilli gó, Kiddi í Dagsbrún, Friðþór Hjelm og Sveinn á Dalabakka eru með þeim skrautlegustu sem að ég hef hitt. Svo eru auðvitað Eyjó og Dóri í Hafinu sérkennilegustu fuglar sem ég hef unnið fyrir.

#### Hver eru áhugamál þín?

Útivist og íþróttir. Ég labba mikið og hjóla. Svo fylgist ég mikið með körfuboltanum hérna heima.

#### Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Fiskurinn úr Hafinu og auðvitað að góðar steikur.

#### Hvert færir þú í draumfríð?

Ég væri til í að fara aftur til Hríseyjar. Þetta er eitthver sérkennilegasti staður sem ég hef stigið fæti á og væri til í að koma þangað aftur.

*Á sjávarútvegsvefnum kvotinn. is má sjá „hina hliðina“ á fleiri starfsmönnum íslenskur sjávarútvegi.*



# Sjávarútvegssýningin í Brussel

## Skaginn 3X smíðar vinnslubúnað í Pál Jónsson GK



■ Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísir og Freysteinn Nonni Mánason, sölustjóri Skagans 3X við undirritun samningsins um smíði vinnslubúnaðarins í nýja línuskipið Pál Jónsson.



■ Páll Jónsson GK er 45 metra langt sérútbúið línuskip sem hannað er af NAVIS í samstarfi við útgerðina.


Á nýafstaðinni sjávarútvegssýningu í Brussel skrifuðu Skaginn 3X og útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Vísir hf. í Grindavík undir samning um vinnslubúnað í nýtt línuskip Vísir, Pál Jónsson GK 7, sem væntanlegt er til landsins í haust. Verðmæti samningsins hleypur á tugum milljóna en búnaðnum er ætlað að bæta aflameðhöndlun og snýr hann að blæðingu fisksins, kælingu, flokkun og frágangi í lest. Verkefnið er að hluta unnið með Marel sem hefur með höndum flokkunarbúnað og fleira í verkefninu.

„Skaginn 3X hefur unnið með Vísi að mörgum verkefnum í gegnum tíðina og komið að endurnýjun og þróun nýrra lausna í fiskiskip félagsins undanfarin ár,“ segir Freysteinn Nonni Mánason, sölustjóri hjá Skaganum 3X. „Í þessu verkefni er enn bætt við nýjungum og meðal annars verður ný hönnun á skrifum í RoteXTM lausn skipsins, sem bæta mun blæðingu enn frekar,“ bætir hann við.

Vísir hefur lagt mikla áherslu á ábyrgar veiðar, hátæknivinnslu og vörugæði. Fyrirtækið býr nú þegar yfir góðum skipaflota til línuveiða og nýja skipið mun enn frekar styðja við stefnu félagsins um að veiða, vinna og framleiða afurðir úr fyrsta flokks hráefni fyrir breiðan hóp kröfuharðra viðskiptavina vítt og breitt um heiminn.

„Lausnin um borð í Páli Jónssyni hefur verið unnin í nánun og góðu samstarfi við sérfræðinga Skagans 3X og stuðlar að áframhaldandi framleiðslu á framúrskarandi matvælaafurðum,“ segir Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísir.

Nýja skipið Páll Jónsson verður 45 metra langt og 10,5 metra breitt en það er í smíðum skipasmíðastöðinni Alkor í Póllandi. Skipið er hannað af skipaverkfræðistofunni NAVIS í samstarfi við Vísi. Skipasmíðastöðin í Póllandi lauk á síðasta ári endurbyggingu línuskipa sem fékk nafnið Sig-hvatur GK 57 og kom í stað eldra skipa með sama nafni í fiskiskipaflota Vísir hf. Þar á undan lauk hún endurbótum á Fjölni GK fyrir Vísi og er því Páll Jónsson GK 7 þriðja en jafnframt stærsta verkefni stöðvarinnar á stuttum tíma fyrir fyrirtækið. Smíðasamningur skipsins hljóðar upp á um 7,5 milljónir evra.



Íslenskur sjávarútvegur sýnir ábyrgð  
í verki með vottun fiskistofna undir  
merkjum Iceland Responsible Fisheries





# „Sjómanna dagshelgin er okkar bæjarhátíð“

segir Leiknir Kristjánsson, sjómaður á Patreksfirði, formaður Sjómanna dagsráðs Patreksfjarðar

Á Patreksfirði er mikill metnaður lagður í hátíðarhöld sjómanna dagsins og stendur dagskráin nánast óslitið frá fimmtudagssíðdegi fram á sunnudag. Margir leggja hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar sem er á vegum Sjómanna dagsráðs Patreksfjarðar en þeirri vinnu stýrir Leiknir Kristjánsson og hefur gert undanfarin 5 ár. Hann segir að hátíðin eigi sér 78 ára sögu og sé einn af hápunktum í bæjarlífinu á Patreksfirði á hverju ári.



■ Útgerðirnar á Patreksfirði bjóða bæjarbúum og gestum í siglingu.



■ Fjörug sjómanna lög sungin í hátíðarmessunni.

## Þriggja daga hátíð

„Helgardagskráin byrjar strax á fimmtudeginum með skútuhlaupi fyrir krakkana og íbúar bæjarins hafa líka tekið höndum saman um hverfagrill, skreytingar á húsum sínum og fleira sem setur mikinn svip á hátíðarhöldin.

Um helgina erum við gjarnan með einhvers konar menningarviðburði sem eru opnir alla helgina og í ár er Húsið/Gamla Verbúðin með ljósmyndasýningu frá Ljósmyndasafni V-Barðastrandarsýslu þar sem eru myndir frá gamla tímanum ásamt listasýningu eftir Söru Yasdini um hinn skynjaða líkama. Einnig verða danskir náttúruleikarar með sýningu á verkum sínum frá sumrinu 2017 þar sem þemað er náttúran á svæðinu. María Óskardóttir hefur í mörg ár verið með athyglisverða sýningu heima hjá sér, „Frönsku fiskimennirnir og gamli tíminn“, og vil ég hvetja gesti til að fara á þessa menningarviðburði,“ segir Leiknir.

Lögd er áhersla á að bjóða upp á eitthvað fyrir alla aldurshópa. Leikhópurinn Lotta mun heimsækja Patreksfirði á föstudeginum og verður Landsbankinn með pulsupartý í tengslum við þá sýningu. Einn af helstu viðburðum á hverju ári eru tónleikar á föstudagskvöldinu sem mikið er lagt í og sjá Bjartmar Guð-

”

Á skakinu færast yfir mann einhver óútskýrð sælutilfinning og ró.“

laugsson og stórhljómsveit hans um þá tónleika í ár. Í framhaldi af því verður dansleikur í félagsheimilinu með hljómsveitinni Glæstar vonir. Á laugardegnum hefst þriggja tíma skemmtidagskrá eftir hádegi við Leikskólann Araklett. Þar má nefna: kraftakeppni, Latabæ, Jón Jónsson, heimatilbúin skemmtiatriði frá Lionsklúbbi Patreksfjarðar og fiskigrill sem notið hefur mikilla vinsælda en þar er grillað hráefni frá Fiskvinnslunni Odda og Arnarlaxi. Í lok dagskrárinnar verður boðið upp á hátíðarsiglingu um fjörðinn sem útgerðirnar á staðnum standa fyrir. Undanfarið hefur verið hljómsveit í



■ Leiknir Kristjánsson, sjómaður á Patreksfirði, stýrir skipulagningu hátíðarhaldanna á staðnum um sjómanna dagshelgina. Þau eiga sér tæplega 80 ára sögu sem Leiknir segir mikilvægt að viðhalda.

einum bátum sem spilar og skapast alltaf mikil og góð stemning í kringum siglinguna.



■ Skrudganga að morgni sjómanna dagsins á Patreksfirði.

**Umbúðamiðlun ehf**  
s: 555 6677 [umb.is](http://umb.is)

Okkar umbúðir eru ætlaðar undir matvæli  
Vinsamlega skilið tónum umbúðum strax á næsta fiskmarkað



## Lopapeysuball og stórdansleikur með Greifunum

„Á laugardagskvöldinu verðum við með útidansleik á hátíðarsvæðinu sem við köllum Lopapeysuball. Þarna koma fullorðnir og börn og skemmta sér saman en lokapunktur laugardagsins er stórdansleikur með hljómsveitinni Greifunum. Á sunnudagsmorgninum er hressileg sjómanna dagsmessa þar sem sungin eru sjómanna lög. Í henni hefur sjómanna dagsráð heiðrað sjómenn eða aðra aðila fyrir eftirtækta framlag í þágu samfélagsins á ýmsum svið-

um. Þegar messunni lýkur rölta kirkjugestir saman í skrudgöngu að þremur minnisvörðum sem tileinkaðir eru íslenskum, breskum og frönskum sjómönnum. Við hvern minnisvarða leggjum við blómsveig og sóknarpresturinn fer með blessun. Eftir hádegi er svo kappróður og í beinu framhaldi af því er Kvenfélagið Síð með hátíðarkaffi í tilefni dagsins. Dagskráin er því nokkuð þétt þessa daga og margt í boði,“ segir Leiknir og svarar því aðspurður að stuðningur smærri jafnt sem stærri fyrirtækja og félagasamtaka ráði úr-



slitum um að hægt er að standa fyrir svo metnaðarfullri hátíðardagskrá sem raun ber vitni. „Óðruvísi væri þetta ekki hægt en auk stuðnings þessara aðila leggur hópur heimamanna fram mikla sjálfböðavinnu í undirbúning og framkvæmd. Það má segja að sjómannadagshelgin sé okkar stóra bæjarhátíð á Patreksfirði og gjarnan nota fermingarargangar tækifærið á þeirra tímamótum að koma vestur og hittast þessa helgi,“ segir Leiknir.

#### Sjómannadagurinn stendur hjartanu nálægt

Sjálfur er Leiknir starfandi sjómaður og rær á frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni frá Ísafirði auk þess sem hann fjárfesti í Sórabát í vor og reynir fyrir sér í strandveiði í sumar. Hann segir sjómannadaginn hafa gildi og standa hjartanu nálægt.

„Sjómannadagurinn hefur sinn sess í hjartanu en mér finnst líka mikilvægt að leggja mitt lóð á vogarskálarnar að viðhalda þeirri hefð í bæjarfélaginu að halda upp á sjómannadaginn líkt og gert hefur verið í tæplega 80 ár. Með því sýnum við líka stærri bæjarfélögum að það er alveg hægt að efna til svona hátíðar ef fólk er tilbúið að snúa bókum saman fyrir sitt samfélag. Og um leið er þetta tækifæri til að minna á starf sjómanna og gildi sjávarútvegsins í byggðarlaginu. Hér hefur sjómönnum fækkað talsvert frá því áður var en samt sem áður er mikilvægt að halda í hefðina.“

#### Af skrifstofunni á sjóinn

Leiknir er menntaður viðskiptafræðingur, var sjómaður á sumrin áður en hann fór í háskólanám og sneri síðan aftur í sjómennskuna eftir að hafa unnið á skrifstofu í 10 ár. Hann segir að gamall draumur hafi ræst þegar tækifæri gafst nú í vor til að kaupa smábát og gera út á strandveiðar í sumar en áfram verði hann á frystitogaranum samhliða.

„Smábátaútgerðin er erfið en strandveiðarnar opna aðeins á möguleika fyrir menn að koma undir sig fótunum í þessu útgerðarformi. Við þurfum að róa framan af sumri 20-30 mílur úr höfn til að komast á veiðislóð en líkast til þurfum við að fara norðar þegar líður á sumarið. Þess vegna er nauðsynlegt að vera á þokkalega hraðgengum bátum í þessu,“ segir Leiknir og bætir við að einhver óútskýranlegur sjarmi sé yfir því að vera einn á skaki.

„Það er ekki hægt að útskýra þetta með orðum heldur þekkja þeir sem hafa verið á skaki að það færast yfir mann einhvers konar sælutilfinning og ró sem skapar svo einhverja óútskýrða vellíðan. Menn muna alltaf eftir góða veðrinu, stóra fiskinum og þegar allt gengur upp en það getur líka heldur betur gefið á bátinn þegar verða vond veður, vélabílanir eða vonbrigði með afla dagsins. En þær minningar gleymast hraðar en góðu stundirnar sem menn eiga í hjarta sér. Ég fór ekki í þetta til að verða ríkur heldur til að svara einhverri þrá til að vera út á sjó, finna ölduna vagma mér, njóta útíverunnar, spá í veðrið þá stundina og næstu daga, tala við múkkann og veiða fisk. Þetta er líka skemmtilegt lítið samfélag sem myndast hér á meðal smábátasjómannna og félagskapurinn er snar þáttur í þessu,“ segir Leiknir sem að lokum óskar öllum sjómönnum landsins til hamingju með sjómannadaginn



■ Ungviðid nýtur leiðsagnar þeirra eldri í sjóstangaveiðinni. Og gleðin yfir fallegum fiski er mikil.



■ Leiknir um borð í Sórabát sínum sem hann keypti nú í vor. Hann er frystitogarasjómaður en ætlar samhliða að vera í strandveiðinni í sumar. „Ég fór ekki í þetta til að verða ríkur heldur til að svara einhverri þrá til að vera út á sjó, finna ölduna vagma mér, njóta útíverunnar, spá í veðrið þá stundina og næstu daga, tala við múkkann og veiða fisk.“



Drifreimar og belti af ýmsum gerðum



Færíbönd fyrir Fiskvinnslur



Munstruð færíbönd



Færíbönd fyrir bakari



Gúmmisteypa P. Lárussonar ehf., framleiðir flestar gerðir af færíböndum og drifreimum fyrir fyrirtæki í matvæðislaðnaði sem og í annarri starfsemi þar sem færíbanda er þörf.

Hraefnin sem við notum eru frá leiðandi framleiðendum á sínu sviði og eru þau viðurkennd til notkunar í matvæðislaðnaði.

Örugg og snögg þjónusta.



**GÚMMISTEYPA  
P. LÁRUSSON EHF.**

Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467  
gummisteypa@gummisteypa.is  
www.gummisteypa.is




Farangursbönd





Færíbönd fyrir Kjötvinnslur



Færíbönd fyrir Fiskvinnslur



Kubbabönd af ýmsum gerðum



Heilsteypt færíbönd frá Volta – The Next Step In Belting





■ Fiskasýningin vekur alltaf forvitni.



■ Jafnan er þjóðlegt og hátíðlegt á Grandagarði og við Reykjavíkurhöfn um sjómanna-dagshelgina.

Myndir: hatidhafsins.is

# Tugþúsundir sækja Hátíð hafsins

þétt dagskrá alla sjómanna-dagshelgina

Fjölskylduhátíðin Hátíð hafsins verður á sínum stað við Reykjavíkurhöfn um sjómanna-dagshelgina en á henni er lögð áhersla á fróðleik um hafið og matar-menningu hafsins í bland við skemmtiatriði. Í megindráttum hefur Hátíð hafsins verið með þessu sniði allt frá árinu 2002 en að henni standa Faxaflóahafnir, Sjómanna-dagsráð og HB Grandi. Með tíð og tíma hefur Hátíð hafsins orðið að einn af stærstu viðburðum í höfuð-borginni ár hvert en um 40 þúsund manns lögðu leið sína á hafnarsvæðið um sjómanna-dagshelgina í fyrra.

## Fjölbreytt dagskrá fyrir alla aldurshópa

Aðal hátíðarsvæðið er á Grandagarði þar sem viðburðir eru á stóru sviði bæði á laugardag og sunnudag. Þess utan er mikið um að vera víðsvegar um svæðið, bæði á Grandagarði, á athafnasvæði HB Granda og á bryggjunum við höfnina. Mikið er gert fyrir yngstu kynslóðina og til að mynda er leiksvæði fyrir börn við HB Granda, Ronja ræningjadóttir kemur í heimsókn, boðið er upp á dorgveiði, töframaðurinn Einar Mikael



■ Björgun úr sjó sýnd.



■ Skrúðganga í tilefni dagsins.



■ Það er erfitt að halda jafnvæginu á ránni.

sýnir listir sínar, andlitsmálun er í boði, Leikhópurinn Lotta sýnir, Lína Langsokkur lítur við og þannig mætti lengi telja.

Meðal skemmtikrafta verða Emmsé Gauti, Babies-flokkurinn, Matti Matt og Hreimur og Sirkus sjóarar á stultum. Þá taka félagar í Harmonikufélagi Reykjavíkur nikkur sínur til kostanna og kitla dansfætterna og Skólahljómsveit Austurbæjar tekur þátt í skrúðgöngu. Síðast en ekki síst er hátíðardagskrá á sunnudeginum þar sem sjómenn verða heiðraðir og verður sjómanna-dagsmessa í Dómkirkjunni að morgni sunnudags. Björgun úr sjó verður einnig sýnd en mikilvægi öryggismála sjómanna eru jafnan í kastljósi um sjómanna-dagshelgina.

Bragðlaukarnir fá síður en svo hvíld á Hátíð hafsins en fiskmarkaður verður opinn í Granda Mathöll sem nú er eins árs og sömu-leiðis verður báða dagana boði upp á fiskismakk við Grandagarð.

hatidhafsins.is

## Nýr hafnarbakki utan Klepps fær nafnið Sundabakki

Á undanförunum árum hefur bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps verið helsta nýbyggingarframkvæmd Faxaflóahafna sf. Bygging bakkans hefur staðið yfir frá árinu 2013 og reiknað er með að framkvæmdum ljúki síðari hluta yfirstandandi árs og þá verði hann tekinn í notkun.

Þessum nýja hafnarbakka er ætlað að verða megin vöru- og gámaflutningabakki fyrir farmstöð Eimskip í Vatnagörðum og taka við hlutverki Kleppsbakka með stækkandi skipum í gámaflutningum. Hafnarbakkinn er 70 m lenging á núverandi



■ Sundabakki verður megin vöru- og gámaflutningabakki fyrir farmstöð Eimskips.

Kleppsbakka og 400 m nýr hafnarbakki utan lands við Klepp.

Nokkrar hugmyndir að nafni komu fyrir hinn nýja hafnarbakka. Hugmyndirnar þurftu að hafa landfræðilegar og sögulegar tengingar við svæðið: Sundabakki, Kleppsbakki, Viðeyjar-sundsbakki, Vatnagarðabakki, Kleppsskaftsbakki, Sundahafnarbakki, Hrafnsklettabakki, Laugarholtsbakki, Kleppsvíkurbakki, Kleppsmýrabakki, Kleppsborgarbakki, Þórsnesbakki, Viðeyjarbakki, Sundbakki, Eyjarbakki, Austureyjarbakki, Heimeyjarbakki, Kríusandsbakki.

Nafnið sem þótti hæfa þessum hafnarbakka best er Sundabakki. Nafnið á bakkanum kemur úr Vatnagörðum, hefur skýra skírskotun til Viðeyjarsunds, Sundahafnar og farmstöðvar Eimskip. Núverandi hafnarbakki í Vatnagörðum sem hefur nafnið Sundabakki leggst af þegar að farið verður að fylla í Vatnagarða og er næsti megin hafnargerðaráfangi í þróun Sundahafnar. Á meðan að bakkinn er notaður næstu ár fengi hann nýtt nafn, Vatnagarðabakki.

faxaflóahafnir.is



TIL HAMINGJU  
MEÐ DAGINN  
SJÓMENN!

*Marport óskar  
sjómönnum og fjölskyldum  
þeirra innilega til hamingju  
með sjómannadaginn.*

Stofnað árið 1996

MARPORT

marport.com

*Marport er leiðandi fyrirtæki  
í hönnun og framleiðslu á  
veidarfæranemum og er með  
starfsemi í fimm löndum*



Hafró kynnr ráðleggingar sínar um hæfilegan heildarafla í júní

# Ráðlagður þorskaflí hefur aukist allan áratuginn

Hafrannsóknastofnun mun kynna ráðgjöf sína um hæfilegan heildarafla helstu fiskitegunda nálægt miðjum júní. Mest spennu ríkir jafnan um ráðleggingar í þorski, okkar helsta nytjastofni. Ráðgjöf um heildarafla byggist á þeirri reglu að ekki séu veidd meira en 20% úr viðmiðunarstofninum hverju sinni. Ráðgjöfin hefur farið hækkandi allan þennan áratug í samræmi við vöxt viðmiðunarstofnsins, farið úr 160.000 tonn um árslok í 264.437 tonn á núverandi fiskveiðiári. Það er mesti þorskkvóti síðan 1993.

En hvers má vænta? Er líklegt að viðmiðunarstofninn haldi áfram að stækka og leyfilegur heildaraflí vaxi að sama skapi? Í ráðgjöf Hafró fyrir núverandi fiskveiðiár segir svo um framtíðarhorfur: „Árgangur 2015, sem kemur í viðmiðunarstofninn árið 2019, er metinn nokkuð yfir meðaltali árána 1955–2017 (175 milljónir við þriggja ára aldur). Árgangur 2016 er metinn nokkuð undir meðaltali en árgangur 2017 nálægt meðal-



■ Togarinn Akurey AK á miðunum.

Mynd: Þorgeir Baldursson



■ Þorskkvótinn hefur verið aukinn allan þennan áratug. Hvað verður nú í lok hans?

tali. Því er líklegt að stærð viðmiðunarstofns næstu þrjú ár muni haldast nokkuð svipuð því sem nú er.

Hrygningarstofn hefur stækkað á undanförunum árum og hefur ekki verið stærri í fimmtíu ár.

Veiðihlutfall hefur lækkað og er það lægsta á stofnmatstímabilinu. Nýliðun síðan 1988 er að meðaltali um 140 milljónir 3 ára nýliða, mun minni en hún var árin 1955–1987 (meðaltal um 205 milljónir). Stækkun stofnsins er því fyrst og

fremst afleiðing minnkandi sóknar. Árgangurinn frá 2013 er metinn slakur en árgangur 2014 og 2015 eru nálægt langtímameðaltali.

#### Samfelld stækkun viðmiðunarstofns

Viðmiðunarstofn þorsks hefur einnig farið stækkandi allt frá árinu 2007 og er að nálgast sömu stærð og árið 1980. Árið 1981 varð þorskaflí Íslendinga sá mesti í sög-

Óskum **Skinney-Þinganes hf.** og áhöfnum á Þóri SF 77 og **Skinney SF 20** til hamingju með ný breytt og glæsileg skip



Miðhella 4  
221 Hafnarfjörður  
**414 8080**  
www.naust.is  
naust@naust.is

**NAUST** marine



unni, 461.000 tonn. Ráðlegging fyrir yfirstandandi fiskveiðiár var þannig:

„Hafrannsóknastofnun ráðleggur 3% aukningu á aflamarki þorsks byggt á aflareglu stjórnvalda, úr 257.572 tonnum í 264.437 tonn fyrir fiskveiðiárið 2018/2019. Samkvæmt stofnmatinu í ár er stærð viðmiðunarstofns aðeins meiri en 2017. Búist er við að þorskárgangarnir frá 2014 og 2015 sem koma inn í viðmiðunarstofninn 2018 og 2019 muni stækka hann lítillega frá því sem nú er. Árgangur 2016 er metinn undir meðaltali en fyrsta mat á árganginum 2017 bendir til að hann verði við meðaltal.“

Samkvæmt þessu er útlitið nokkuð gott og ekki líklegt að Hafró ráðleggi samdrátt í veiðum. Í togararalli Hafró frá í mars síðastliðnum virðast þó vera blíkur á lofti. Stofnvísitala þorsksins hefur lækkað tvö síðustu ár og: „Meðalþyngd 1-5 ára þorsks mældist undir meðaltali árunna 1985-2019, en meðalþyngd eldri þorsks var um eða yfir meðaltali. Mælingar síðustu fjögurra ára sýna þó að árgangurinn frá 2015 er með þeim léttari frá 1985,“ segir í niðurstöðum rallsins. Sé fiskurinn léttari þarf fleiri fiska í hvert tonn og 20% af viðmiðunarstofni sem er léttari en áður gæti leitt til ráðgjafar um minni afla. Þess ber þá að gæta að togararallið er aðeins hluti þeirra upplýsinga, sem notaðar eru við endanlegt stofnstærðarmat í ráðgjöf í kjölfar þess.

#### Hverju breytir loðnubresturinn?

Þorskkvótinn á þessu fiskveiðiári jókst um 3%, en ráðgjöfin í ýsu og ufsa um 40% og 30%.

„Samkvæmt aflareglu stjórnvalda er ráðlagt aflamark ýsu 57.982 tonn fyrir fiskveiðiárið 2018/2019, sem er 40% aukning frá fyrra ári. Þessi aukning byggir á bættri nýliðun ýsu árin 2016 og 2017 miðað við fimm ár þar á undan. Aflaregla ufsa gerir jafnframt ráð fyrir 30% aukningu í aflamarki fyrir næsta fiskveiðiár, úr 60.237 tonnum í 79.092 tonn. Aukninguna má m.a. rekja til hins stóra 2012 árgangs sem og árganganna frá 2013 og 2014,“ segir í ráðleggingum Hafró frá því í fyrra.

Þarna virðist því útlitið nokkuð gott en í niðurstöðum togararallsins segir svo: „Vísitölur ýsu og ufsa lækkuðu frá fyrra ári, eftir að hafa farið hækkandi frá 2014. Vísitölur gullkarfa, löngu og langlúru eru háar miðað við síðustu þrjú áratugi. Vísitölur steinbíts, keilu, skarkola, þykkvalúru, lýsu og skötusels eru nú nálægt meðaltali tímabilsins, en stofnar hlýra, tindaskötu og skrápflúru eru í sögulegu lágmarki. Vísitala grásleppu hefur farið lækandi frá 2015 og er nú undir meðaltali árunna frá 1985.“

Loðnan er mikilvægasta fæða þorsksins umhverfis landið. Mun minna af loðnu hefur undanfarin ár komið upp að landinu til hrygningar en fyrr á árum. Í vor var það lítið af henni að engar veiðar voru leyfðar. Samkvæmt nýrri varúðarreglu þarf nú að skilja meira eftir til hrygningar og fyrir þorskin en áður. Breytt hegðun loðnunnar hlýtur að hafa neikvæð áhrif á vöxt og viðgang þorskstofnsins verði hún viðvarandi.

Það er vandi að spá, einkum um framtíðina en gera má ráð fyrir að ekki sé mikilla breytinga að vænta á ráðgjöf Hafró í nánustu framtíð.



■ Mazu hópinn skipa þau Erlendur Ágúst Stefánsson, Guðrún Ósk Jóhannesdóttir, Halla Kristín Kristinsdóttir, Oddný Karólína Hafsteinsdóttir, Sigurður Björn Oddgeirsson og Thelma Sveinsdóttir.

Mynd: HR

## Öryggishjálmur fyrir sjómenn fær nýsköpunarverðlaun

Öryggishjálmur sem er sérstaklega hannaður fyrir vinnuáðstæður sjómanna hlaut á dögunum sértök verðlaun í nýsköpunarkeppni Háskólans í Reykjavík í flokknum samfélagsábyrgð. Hjálmurinn, sem fengið hefur nafnið Mazu, býður

m.a. upp á þráðlaus fjarskipti, neyðarsendi og ljósmerki. Sjö nemendur í hafrænni nýsköpun í HR standa að verkefninu en alls voru hóparnir sem tóku þátt í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja í HR um 100 talsins.

## Örugg fjarskipti

Góð og örugg siglingatæki eru nauðsynleg. Þá er ekki síður nauðsynlegt að viðhaldi þeirra sé sinnt af fagmennsku og kunnáttu. Félagar **Rafiðnaðarsambands Íslands** hafa ávallt verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tæknibúnaði og notkun hans. Tryggjum öryggi, –skiptum við fagmenn. Líf getur legið við.



**RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**  
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Sími 580-5200, [www.rafis.is](http://www.rafis.is)







■ Trausti Jörundarson sagði skilið við sjómenskunnuna eftir 10 ár í vetur og settist í stól formanns Sjómannafélags Eyjafjarðar. „Tíminn á sjónum var góður en núna tekur annars konar vinna við í landi. Eitt af markmiðum mínum er að reyna að heimsækja áhafnirnar og halda sem bestu sambandi við félagsmenn með þeim hætti,” segir hann.

# Fiskverðsmyndunin er okkar stóra baráttumál

segir Trausti Jörundarson, nýr formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar

„Mér líkaði alltaf vel í sjómenskunni en þegar Konráð Alfreðsson tilkynnti að hann hygðist láta af formennsku í félaginu þá sá ég mér leik á borði að bjóða mig fram í þetta hlutverk. Ég hef verið í stjórn félagsins síðan 2016 og hafði þar af leiðandi einhverjar hugmyndir um verkefnið en alveg frá því ég tók sæti í stjórninni á sínum tíma hef ég reynt að setja mig eins vel inn í málefnið og mögulegt hefur verið. Starfið er fjölbreytt en ég finn að það er við ramman reip að draga þegar kemur að viðsemjendum okkar sjómanna handan borðsins. Baráttan fyrir okkar hagsmunamálum verður áfram hörð,” segir Trausti Jörundarson sem tók í vetur við formennsku og framkvæmdastjórn Sjómannafélags Eyjafjarðar. Trausti var áður háseti í togaranum Björgúlfi EA og var í áhöfninni í 11 ár, þ.e. á gamla Björgúlfi og nýja skipinu sem leysti það gamla af árið 2017.

**Hann fékk því að kynnast þeirri breytingu sem varð á starfsumhverfi áhafnarinnar með nýju skipi.**

**Ekki hægt að útiloka verkföll**

Trausti segir ljóst að starf næstu mánaða muni að lang stærstum hluta snúast um endurnýjun kjarasamninga sjómanna sem losna þann 1. desember næstkomandi. Þeir samingar voru undirritaðir í kjölfar harðra verkfallsátaka í lok árs 2016 og byrjun árs 2017.

„Ég hefði kosið að það væri meira virkt samtal í gangi milli útgerðarmanna og sjómanna árið um kring en greinilega bíða menn núna átekta fram á haustið þegar nær dregur lokum samingstímans. Ég vona að eiginlegar viðræður geti hafist snemma hausts því mörg hagsmunamál þarf sannarlega að ræða,” segir Trausti sem vill engu spá um hvort líklegt er að til verfkalla komi á nýjan leik. „Það vill enginn þurfa að fara í verkfall en til þeirra þurfti að koma síðast. Út úr því getum við sagt að hafi komið hænuskref í rétta átt en betur má ef duga skal. Samningar

eru vissulega alltaf þannig að menn verða að gefa eitthvað frá sér gegn árangri á öðrum sviðum. Stóra baráttumálið okkar sjómanna er fiskverðið og verðmyndunin. Á því byggja okkar laun og draumur sjómanna er að allur fiskur fari á markað og að þannig fái rétt verð. Við horfum upp á algjört lágmarksverð þar sem útgerð og vinnsla eru á sömu höndum og keppikeflið hlýtur að vera að koma verðinu í þeim tilfellum nær markaðsverði. Það er öruggt mál að við munum takast á um þetta við samningaborðið í næstu samningalotu og vonandi náum við á endanum takmarkinu. Félagmenn mínir eru engir sérstakir áhugamenn um verkfallsaðgerðir en takist ekki að hreyfa við þessu máli og öðrum hagsmunamálum á borð við kostnaðarþátttöku sjómanna þá er ekki hægt að útiloka verkföll. Tíminn verður að leiða þetta í ljós á haustmánuðum,” segir Trausti en Sjómannafélag Eyjafjarðar mun í aðdraganda kjarasamninga vera í samfloti með öðrum félögum innan Sjómannasambands Íslands.

**Bylting með nýju skipunum**

Í sinni sjómennsku síðustu ár hefur Trausti kynnt umbreytingunni frá áratuga gömlum togara yfir í nýtt og vel búið skip. Breytingin er margháttuð.

„Störfín breytast með nýju skipunum en það þarf eftir sem áður sama fjölda í áhöfnunum. Stundum heyrast talað um að fækka eigi í áhöfnum en ég veit ekki dæmi um slíkt enda yrði það til að auka álagið og við vitum að það hefur áhrif á öryggisþáttinn þar sem allar öryggisáætlanir miðast við 15 manna áhafnir á þessum ferskfisktogurum. Ég hef þess vegna enga trú á að þetta sé atriði sem þurfi einu sinni að velta fyrir sér. Þessir togarar eru í dag hraðfiskiskip þar sem allt snýst um að koma fiskinum sem hraðast og í sem mestum gæðum til vinnslu í landi. Það hefur orðið mikil framþróun í skipunum síðustu ár í þessa veru og við sjómenn eigum stóran þátt í þeim árangri. Við teljum þess vegna ekki óeðlilegt að við njótum meiri hlutdeildar í þeim ávinningi,” segir Trausti.

**Öryggismálin alltaf mikilvæg**

Umræða um öryggismál er jafnan fyrirferðarmikil í tengslum við hátíðarhöld sjómannadagsins sem Trausti segir verðugt enda einn allra mikilvægasti málaflokkurinn sem sjómenskunni tengist.

„Öryggismálin eru viðvarandi þáttur sem sjómenn verða fljótt mjög meðvitaðir um. Þegar koma nýir strákar um borð í skipin er byrjað á að fara yfir öryggisþættina með þeim, sýna þeim skipið og þau atriði sem snúa að öryggismálunum. Enda er það nauðsynlegt því fólk gerir sér ekki vel grein fyrir því hversu miklar hættur eru til staðar í skipum. Ég vann mikið á togdekkinu og í dag eru menn alltaf í línu á því vinnusvæði. Það þarf mjög lítið útaf að bregða til þess að menn taki út af skipum þannig að öryggislinurnar bjarga mönnum oft frá því að lenda í óhöppum. Það hafa ekki orðið banaslys á sjó síðustu tvö ár og fækkun orðið almennt í slysum um borð í skipum sem ég held að auðveldlega megi rekja beint til þeirrar miklu áherslu og vakningar sem hefur verið um öryggismálin.





■ Trausti kynntist því að fara af áratugag gömlum togara yfir á glænýtt og vel búið skip þegar Samherji fékk nýjan Björgúlfur EA vorið 2017. Trausti segir það hafa verið byltingarkennda breytingu.

Og í þessu sambandi má líka nefna að sjómenn eru betur meðvitaðir um sína heilsu, gott mataræði og að vera í góðu líkamlegu ástandi. Allt skiptir þetta miklu máli. Líkamlegt álag í starfinu er mjög mikið og það er mjög gott ef mönnum endist heilsa til að vera vel fram á sjötugsaldurinn á skipunum. En með tilkomu nýju skipanna þá eru störfin öðruvísi og álagið minna sem aftur getur skilað mönnum fleiri starfsárum. Af eigin reynslu segi ég óhikað að það hafi verið bylting að fara af gamla Björgúlfi yfir á þann nýja,“ segir Trausti og nefnir einnig breytingu á vaktafyrirkomulagi sem almennt hefur orðið í fiskiskipaflotanum, þ.e. að tekna hafa verið upp 8 tíma vaktir í stað 6 tíma vakta áður. Þessi breyting segir hann að hafi orðið án þess að um hana hafi verið sérstaklega samið.

„Þetta fyrirkomulag er orðið almennt í dag en í stuttu máli hefur breytingin orðið til þess að vinnu- og hvíldartíminn færast alltaf til í stað þess að vera alltaf á vöktum á sama tíma sólarhringsins. Ég fann mikinn mun að færast í 8 tíma kerfið og ég held að enginn vilji fara til baka sem hefur reynt þetta.“

**Fjölskylduvænna starf í dag**  
Sjómennskunni fylgja miklar fjarverur sjómanna frá fjölskyldum og heimilum þó vissulega sé það breytilegt eftir skipum og útgerðarformum. Með betra fjarskiptasambandi hafa sjómenn meiri samskipti við land en áður þó Trausti minni á í því samhengi að víða við landið sé ekki netsamband auk heldur sem netsambandið sé sjómönnum alltof dýrt. „Jafnvel á nýju skipunum geta menn verið net- og sjónvarpslausir á köflum en hvað kostnaðinn varðar þá finnst mér 3000 krónur fyrir hvert gígabæt vera mikill peningur. En það er óumdeilt að gott net- og fjarskiptasamband er sjómönnum mikilvægt til að halda samband við fjölskyldur í landi,“ segir Trausti en á þeim tíma sem hann var á sjó reyndi hann að stýra sínum túrum þannig að hann gæti verið heima á t.d. afmælisdögum barnanna. „Túrnir á ferskfiskskipunum eru mun styttri í dag en áður þannig að þetta er miklu fjölskylduvænna starf en var,“ segir hann og þegar rétt er nánar um sjómennskuna nefnir Trausti að góð áhöfn og félagsskapurinn sé snar þáttur í daglegu lífi sjómanna.

„Ég var í góðri áhöfn á Björgúlfi og sá enga ástæðu til að leita eitthvað annað eða telja mér trú

um að grasið væri grænna annars staðar. Góðir félagar og þægilegir yfirmenn eru lykilatriði. Tíminn á sjónum var góður en núna tekur annars konar vinna við í landi. Eitt af markmiðum mínum er að reyna að heimsækja áhafnirnar og halda sem bestu sambandi við félagsmenn með þeim hætti. Stéttarfélag glíma almennt við það verkefni að reyna að efla áhuga félagsmanna á starfinu og hagsmunamálanum og það verður eitt af verkefnum mínum. Vonandi nær ég að heilsa upp á áhafnir skipa á næstu mánuðum áður en kjarasamningalotan hefst. Það er líka mikilvægt fyrir mig að heyra sjónarmið félagsmanna með beinum hætti og hafa það veganesti inn í kjaraviðræðurnar,“ segir Trausti Jörundarson.

**3M | PELTOR™**

**3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI**

**TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA**

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfisljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífina útilokar allan umhverfisljóða.



# Fjölbreytt dagskrá á Sjóaranum síkáta

Fjölskylduhátíðin Sjóarinn síkáti hefur veird haldin um árabíl um sjómannadagshelgina í Grindavík og verður umfangsmeiri og fjölbreyttari með hverju árinu sem líður. Hátíðin stendur frá því síðdegis föstudaginn 31. maí og fram á kvöld á sjómannadaginn en þá er hápunktur í gleði sjómanna með hátíðarkvöldverði Verkalýðs- og sjómannafélags Grindavíkur sem stýrt verður í ár af Þórhalli Sigurðssyni, Ladda.

Viðamikil fjölskyldudagskrá Dagskrárlíðir Sjóarans síkáta skipta tugum en íbúar Grindavíkur taka virkan þátt í gleðinni með skreytingum í götum, götugrillum og litaskrúðgöngu úr hverfunum sem er á föstudagskvöld og er orðin nokkurs konar einkennisatriði hátíðarinnar. Á lokinni skrúðgöngunni verður bryggjusöngur á hátíðarsviðinu á föstudagskvöld og bryggjuball í beinu framhaldi þar sem Páll Óskar mætir í öllu sínu veldi en hljómsveitin Bandmenn sér um að kitla dansfætur gesta.

Hver viðburðurinn rekur svo annan á laugardegnum. Fótboltamót UMFG fyrir 6. flokk hefst kl. 10 og á hádegi verður boðið upp á skemmtisiglingu fyrir alla fjölskylduna en þess má geta að



■ Það er mikið um dýrðir á Sjóaranum síkáta og óhætt að segja að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi í dagskránni.

Bylgjulestin verður í beinni útsendingu frá Grindavík þennan dag.

Á sjálfu hátíðarsviðinu hefst dagskráin kl. 13 og stendur fram undir kvöld. Við sögu koma Sirkus Íslands, Solla stirða og Halla

hrekksjúsín úr Latabæ, Regína og Selma, Gunni og Felix og Leikhópurinn Lotta, svo fátt eitt sé nefnt. Tívolí verður á hafnarsvæðinu, andlitsmálun í boði fyrir börnin, veltibíll, sjópylsa í höfninni, hópkeyrsla bifhjóla og margt

fleira. Um kvöldið keyrir svo Páll Óskar stemninguna í nýjar hæðir á balli í íþróttahúsinu.

**Hátíðarbragur og skemmtun í bland á sunnudeginum**  
Dagskráin á sjálfum sjómannadeg-

inum hefst með því að fánar verða dregnir að húni kl. 8 og kl. 12:30 verður hátíðarmessa í Grindavíkurkirkju. Síðan verður fjölbreytt skemmtidagskrá til kvölds; tívolíð á svæðinu, andlitsmálun í boði, veltibíllinn á sínum stað, hátíðar-

## Kaupa 3.500 appelsínugul fiskikör frá Sæplasti

Á sjávarútvegssýningunni Seafood Processing Global í Brussel á dögunum var skrifað undir samning um kaup Sildarvinnslunnar á 3.500 fiskikörum frá Sæplasti á Dalvík. Körin verða notuð um borð í nýjum skipum Bergs-Hugins; Vestmannaey VE og Bergey VE, sem nú eru í smíðum í Noregi. Samninginn undirrituðu Sigurður Steinn Einarsson fyrir hönd Sildarvinnslunnar, Arnar Richardsson fyrir hönd Bergs-Hugins og Sævaldur Jens Gunnarsson fyrir hönd Sæplasts. Byrjað var að framleiða körin á Dalvík í aprilmánuði sl. og gert er ráð fyrir að framleiðslu ljúki í nóvember næstkomandi. Samningurinn hljóðar upp á rúmlega eitt hundrað milljónir króna.

Þessi nýju kör verða 460 lítra en eldri kör eru 660 lítra. Ástæða þess að minni kör verða fyrir valinu er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi eru gæði aflans höfð í huga og í öðru lagi er auðveldara að vinna um borð í skipunum með minni kör.



■ Fyrir undirritun samningsins í Brussel. Talið frá vinstri: Arnar Richardsson, Sigurður Steinn Einarsson og Sævaldur Jens Gunnarsson.

**Kör sem skera sig úr**  
Í frétt Sildarvinnslunnar um samninginn er vakin sérstök athygli á óhefðbundnum lit nýju fiskikaranna. „Litur karanna vekur nokkra athygli en hann er appelsínugulur eða orange. Sæplast hafði áður framleitt 750 kör af minni gerðinni fyrir Gullver NS í þessum lit

og ákveðið hefur verið að samræma litinn á körum í eigu Sildarvinnslunnar og dótturfélaga,“ segir Sigurður Steinn Einarsson um val á lit karanna.

„Við vildum finna lit sem gerði það að verkum að okkar kör skæru sig úr. Það vill gerast að okkar kör blandist við kör í annarra eigu og



■ Fyrstu körin í þessari línu sem Sæplast framleiddi fyrir Sildarvinnsluna.

Ljósmynd Reimar Viðarsson.

alltof algengt er að aðilar taki kör annarra til eigin nota. Þessi nýi litur mun vonandi gera okkur þægilegra að finna kör í okkar eigu aftur. Einnig höfum við bætt við sérmerkingu á hlið karanna sem segir til um hvert skal skila körum ef þau lenda út fyrir okkar flutningskerfi. Við höfum unnið að vitundarvakn-

ingu varðandi það hvernig umgangast á fiskikör í góðu samstarfi við dótturfélag Sæplasts, iTub, og er það sameiginlegt verkefni sjávarútvegsfyrirtækja að tryggja góða meðferð á þessum umbúðum aflans,“ segir Sigurður Steinn.

[saeplast.is](http://saeplast.is)





■ Páll Óskar skemmtir á hafnar-svæðinu og blæs síðan til mikillar hátíðar í íþróttahúsinu að kvöldi laugardagsins.



■ Eliza Reid, forsetafrú, ávarpar bæjarbúa og gesti á sjómannadaginn.



■ Leikhópurinn Lotta er meðal fjölmarga listamanna sem skemmta á hátíðinni.

dagskrá við Kvikuna þar sem Eliza Reid, forsetafrú, flytur ávarp. Fiskasafn verður á hafnar-svæðinu, hreystimenni og konur takast á í alvöru koddaslag, flekahlaupi og kararóðri, sjómannadagskaffi í Gjánni og tveggja tíma skemmtidagskrá á hátíðarsviðinu.

Sem fyrr segir verður hátíðar-kvöldverður Verkalýðs- og sjómannafélags Grindavíkur í Sjómannastofunni Vör kl. 20 að kvöldi sjómannadagsins. Honum stýrir sá landsþekkti skemmtikraftur Þórhallur Sigurðsson, Laddi en söngkonan Sigríður Thorlacius kemur einnig fram á þessari samkomu.

[sjoarinnssikati.is](http://sjoarinnssikati.is)



■ Frystitogarinn Höfrungur III er með mestar heimildir í rússnesku lögsögunni.

## Höfrungur III með mestar heimildir í „Rússasjó“

Fiskistofa hefur úthlutað aflaheimildum í þorski innan lögsögu Rússa í Barentshafi til íslenskra skipa. Miðað er við slægðan þorsk og er leyfilegur heildarafli 3.300 tonn. Það er heldur minna en á síðasta ári, þegar kvótinn var 3.700 tonn. Afliinn þá varð 3.112 tonn. Ellefu skip fá nú úthlutað heimildum í rússnesku lögsögunni og kemur langmest í hlut Höfrungs III AK eða 792 tonn. Kleifaberg RE kemur næst með 558 tonn og þá Sólberg ÓF með 546 tonn.

Á síðasta ári var heimildum innan lögsögu Rússa í Barentshafi úthlutað til 15 skipa en aðeins þrjú skip stunduðu veiðarnar og var mest af heildunum flutt yfir á þau. Kleifaberg kom þá með mestan afla úr „Rússasjó“, 1.382 tonn. Blængur NK var með 1.138 tonn og Arnar HU með 592 tonn. Sólberg ÓF var með heimildir til veiða á 584 tonn-um af þorski, en nýtti sér þær ekki.

# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN

Við þökkum samstarf liðinna ára og sendum sjómönnum og landsmönnum öllum heillaóskir í tilefni dagsins.

[marel.is](http://marel.is)

**marel**



# Kynntu nýjan kælitækniþúnað í fyrsta sinn í Brussel

Tæknifyrirtækið Skaginn 3X kynnti nýjung á sjávarútvegssýningunni í Brussel á dögunum en þúnaðurinn heitir ValuePump. Um er að ræða þúnað sem kemur í framhaldi af þróun fyrirtækisins á SUB-CHILLING tækninni sem undirkælir fisk án þess að ís komi þar við sögu. Sú tækni segir Ingólfur Árnason, forstjóri Skagans 3X að hafi skilað undraverðum árangri og lengt líftíma ferskra fiskafurða um fimm til sjö daga. Með ValuePump tækninni sé haldið áram á sömu braut.

Í frétt frá Skaganum 3X segir að í framhaldi af undirkælingunni á sínum tíma hafi verið ákveðið að ganga enn lengra og þróa þetta nýja tæki sem kynnt var formlega í fyrsta sinn á sjávarútvegssýningunni í Brussel. Þar fékk tæknilausnin góðar viðtökur.

## Tækni sem mun valda byltingu

„Við köllum þetta tæki ValuePump og það er algjörlega einstakt



■ ValuePump tæknin kynnt í bás Skagans 3X á sjávarútvegssýningunni í Brussel á dögunum.

á markaðnum – ekkert annað tæki sem völ er á í dag getur gert það sama og nýja tækið okkar eða virkar á svipaðan hátt,“ segir hann. Ingólfur segir að tækið muni valda byltingu í fiskiðnaðinum, draga

verulega úr vinnslutíma og auka gæði afurða enn frekar.

„Á meðan fiski er dælt á milli staða innan vinnslunnar má ná fram margskonar ávinningi; stytta blæðingartíma, flýta kæliferlinu,



■ Forstjóri Skagans 3X segir ValuePump byltingarkennda tækni sem geti skilað margs konar ávinningi.

þvo fiskinn, sótthreinsa hann, sjóða eða frysta. Við erum sem sagt með dælu, en það fer svo allt eftir vökvanum sem um hana rennur hverju sinni hver ávinningurinn verður. Um dæluna getur runnið

vökvi sem er allt frá því að vera 80 gráðu heitur niður í það sem jafngildir 20 gráða frosti og allt þar á milli.“

skaginn3x.is



Óskum sjómönnum og landsmönnum öllum til hamingju með daginn!

Góð aflameðferð er grunnur gæða



Við styðjum viðskiptavinum okkar til aukinnar verðmætasköpunar, matvælaöryggis og lýðheilsu





# Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki



 DUNDERDON

Mikið úrval af öryggisvörum



Nú fást **Snickers** vinnuföt í

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

**HILTI**  
Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is •  Hagi ehf HILTI



# Gleðilega sjómanna dagshátíð!

**NAUTIC**

  
**VOOT BEITA**

 **Valka**

 **málning**  
-það segir sig sjálf-

  
**KNARR**  
Icelandic Maritime Consortium

 **SÉREFNI**  
Veldu betri málningu

 **Sjómannasamband  
Íslands**

 **Faxaflóahafnir sf**  
Associated  
Icelandic  
Ports

  
**APÓTEK  
VESTURLANDS**

  
**VÉLAR  
SKIP**

  
Stofnað 1970  
Sköpum vistvænt umhverfi – Betri heilsu

  
**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**  
Rannsókná- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

  
**navis**

**FRAMTAK**  
**BLOSSI ehf**

 **ÖLFUS**  
olfus@olfus.is  
thorlakshofn.is

**KVÓTINN**

**BEITIR**  
EHF

**D-TECH**  
Hygiene solutions

**MÁRKUS**  
LIFENET

 **VÉLFAG**  
FISKVINNSLUVÉLAR

**oddi**  
EHF

**Brúin**

 **Félag  
skipstjórna-  
manna**

**Sigurbjörn ehf.**  
Grímsey

 **Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi**

 **SCANMAR**

  
**RAMMI**

  
**ÚTHAFSSKIP**

  
**STÁLSMÍÐJAN  
FRAMTAK**  
EHF

 **Egersund  
Island**

  
**Sildarvinnslan hf**

**KLAKI**  
Stálsmiðja

**Hvalur hf.**  
Reykjavíkurvegi 48  
220 Hafnarfjörður

  
**PORBJÖRN**  
Hafnargötu 12 · 240 Grindavík

  
**ESKJA**

  
**HAFNARFJARDARHÖFN**



# Sömdu um uppsetningu kælibúnaðar í sjö togskip

Á sjávarútvegssýningunni í Brussel nú í maí var undirritaður samningur Kapp ehf. og Slippisins Akureyri ehf. um að Optim-ICE kælibúnaður frá Kapp verði settur upp á vinnsluþilförum sjö fiskiskipa sem Slippurinn Akureyri annast hönnun, framleiðslu og uppsetningu á næstu mánuðina. Skipin sem um ræðir eru Samherjatogararnir Björgúlfur EA, og Björg EA, togararnir Kaldbakur EA og Harðbakur EA í eigu Útgerðarfélag Akureyringa, Vestmannaey VE og Bergey VE sem eru nýsmíðar Bergs Hugins ehf. í Vesmannaeyjum og nýtt skip norska fyrirtækisins Nergård Havfiske.

Við undirritun samningsins kom fram hjá Ólafi Ormssyni, sviðsstjóra hjá Slippnum Akureyri og Frey Friðrikssyni, framkvæmdastjóra Kapp ehf. að lögð verði áhersla á einfaldleika og skilvirkni í útfærslu vinnsluþilfaranna í skipunum með það að markmiði að bæta aflameðferð og draga úr viðhaldi.

Optim-ICE kælibúnaður hefur verið í notkun hjá útgerðum og

fiskvinnslum hér á landi í 20 ár en kerfið byggir á fljótandi ís sem leysir af hólmi hefðbundinn flöguís. Fljótandi ísinn er framleiddur um borð og hefur þann eiginleika að umlykja fiskinn og halda honum við 0 gráður veidiferðina á enda og raunar allan vinnsluferilinn ef því er að skipta.

[kapp.is](http://kapp.is)



■ Ólafur Ormsson, sviðsstjóri hjá Slippnum Akureyri og Frey Friðriksson, framkvæmdastjóri Kapp ehf. við undirritun samningsins í Brussel.

## Strandveiðar byrja af krafti

Strandveiðitímabilið hefur hafið af miklum krafti þetta árið en fyrsti leyfilegi veiðidagur var 2. maí. Samantekt Landsambands smábátageigna eftir fyrstu 13 veiðidagana sýnir að aflaukning er á öllum veiðisvæðum miðað við sama tímabil í fyrra. Nú þegar hafa talsvert fleiri bátar sótt um og fengið leyfi til strandveiða í sumar en í fyrra.

Heildaraflinn hafði á þessum 13 veiðidögum aukist um rúmlega þriðjung. Heildaraflinn var 1.960 tonn á tímabilinu, þar af þorskur 1.861 tonn. Meðalafli í róðri var 641 kg en það er þó heldur minna en í fyrra. Strandveiðiaflinn var að meðaltali 151 tonn fyrstu 13 veiðidagana í ár en 110 tonn á sama tíma í fyrra.

Mest aflaukning hlutfallslega var á var á svæði D sem nær frá Hornafirði að Borgarbyggð. Á þessum svæði var aflinn á þessum dögum í ár 519 tonn, sem er 82% aukning frá sama tímabili í fyrra. Mesta magnið var hins vegar á svæði A, sem nær frá Eyja- og Miklaholtshreppi að Súðavíkureppi. Bátar á því svæði komu með 962 tonn að landi á tímabilinu.

Útgefin strandveiðileyfi voru 507 að loknum 13 veiðidögum og höfðu 457 bátar þegar virkjað sín leyfi og hafið veiðar. Landanir voru í lok 13. dags strandveiða komnar í 3.060 og það er sömuleiðis 42% aukning.



**Rás 16** er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin. Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.



# Aflhlutir þjóna sjávarútvegi, fiskeldi og fleiru

Starfsmenn og eigendur Aflhluta ehf., þeir Hrafn Sigurðsson, Björn Jóhann Björnsson og Helgi Axel Svavarsson, hafa áratuga reynslu í sölu og tæknilegri þjónustu við sjávarútveg. Aflhlutir ehf. er umboðsaðili fyrir mörg af þekktustu vörumerkjum á markaði tengdum sjávarútvegi. Þar má nefna bátavélar frá John Deere, Deutz og MAN, hliðarskrúfur frá ABT-Track, ljósavélar ZENORO og fiskidælur frá Sea-Quest, svo eitthvað sé nefnt. Hrafn segir Sea-Quest, sem er staðsett í Killybegs á Írlandi, vera leiðandi í framleiðslu á fiskidælum og tengdum búnaði fyrir uppsjávarveðis- skipum en um 70% af uppsjávar- skipum á Íslandi eru með fiskidælur frá fyrirtækinu. Aflhlutir ehf. þjónustar sjávarútveginn, fiskeldið, bændur og verktaka og tók fyrirtækið nýlega við umboði fyrir hinar þekktu JCB rafstöðvar og hefur selt tvær slíkar fyrir varaafli til ISAVIA á Reykjavíkurlflugvelli og töluvert af rafstöðvum til fiskeldisfyrirtækja. Stöðvarnar segir Hrafn að hafi reynst vel, enda þekktar fyrir gæði og áreiðanleika.



■ Hrafn Sigurðsson, einn eigenda Aflhluta er ánægður með dönsku skipasmíðastöðina Bredgaard Boats.

## Umboð fyrir bátasmiðjuna Bredgaard Boats

Árið 2016 tóku Aflhlutir ehf. við umboði fyrir dönsku skipasmíðastöðina Bredgaard Boats.

Hún er staðsett í nýjum húskynnum í Rödbý og hefur framleitt atvinnubáta frá árinu 1967. Helstu viðskiptalönd Bredgaard Boats eru Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Grænland, Þýskaland, Holland og nú síðast Ísland.

„Það eru mjög spennandi tímar framundan hjá Aflhlutum ehf.

varðandi bátasölu, þar sem nú dregur að sjósetningu stærsta vertíðarbáts sem smíðaður hefur verið úr trefjaplasti fyrir íslenskan aðila. Bárður SH-81 sem er í eigu útgerðarmannsins Péturs Péturssonar á Arnarstapa hefur verið í smíðum hjá Bredgaard Boats síðan í febrúar 2018. Bárður SH-81 er smíðaður undir eftirliti og samkvæmt reglum flokkunarfélagsins Bureau Veritas. Í honum er allt það nýjasta nýtt sem er í boði á markaði í dag,“ segir Hrafn.



■ Skrifað undir samning um smíði Bárðar SH.

## Endurnýjun á hefðbundnum vertíðarbátum

Hrafn telur að þar sem mikil endurnýjun hafi átt sér stað í togaraflotanum og uppsjávarveðis skipum sé nú komið að þessum hefðbundnu vertíðarbátum sem setið hafi eftir. „Við sjáum að þessir bátar eru flestir komnir til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Þeim fylgir viðhaldskostnaður og óhagkvæmni í rekstri er töluvert miðað við þann búnað sem í boði er í dag. Þar má nefna til dæmis að aðalvél

í Bárði SH sem er frá MAN í Þýskalandi er með eldsneytisnotkun sem gerist vart minni í þessum vélaflotki, 195 g/kWh, og uppfyllir allar þær ströngu kröfur um mengun sem gerðar eru í dag.“

## Hlaðinn búnaði

„Bárður SH verður einn fullkomnasti bátur af þessari stærð þegar hann kemur til landsins síðar í sumar. Auk þess að vera umboðsaðilar fyrir smíðina seljum við mest allan búnað í bátinn. Aðalvél

# MD VÉLAR

**WMA** Kompensator A/S  
Expansion joints

**Solé Diesel**

**MITSUBISHI MARINE ENGINE**  
Partner for sales & services

**pj woodward**  
CONTROLS & INJECTION SYSTEMS  
Business Partner

**pj diesel**  
ENGINEERING  
Business Partner

**VULKAN**

**MEPRODUCTION**

**CENTA**

**FINNOY**  
FINNOY GEAR & PROPELLER AS

**TIO B.V.**

**Oetlinghaus**

**HEIMDAL**  
PROPULSION NORWAY AS

**HUNDESTED** PROPELLER AS

**MACDUFF** Shipyards Group

**WALTER**  
EST. 1927

## SÖLU- OG ÞJÓNUSTUAÐILAR FYRIR ÚTGERÐINA





■ Aflhútur eru með umboð fyrir Bredgaard Boats þar sem nýr Bárður er í smíðum. Hann er stærsti trefjaplastbátur til fiskveiða á Íslandi.



■ Aflhútur eru meðal annars með umboð fyrir vinsælar fiskidælur frá Sea Quest.

900 hestöfl, niðurfærslugírinn er TWIN DISC MGX, skrófubúnaðurinn kemur frá Teignbridge, tvær ljósavélar koma frá Zenoro í Hollandi og hliðarskrúfur frá ABT-Track í Bandaríkjunum en þær hafa reynt gríðarlega vel í smærri bátum. Svo er kraninn frá Guerra á Spáni. Við erum því með puttana í mörgu í tæknibúnaðinum í þessum bát og erum líka að sinna eftirliti með smíðinni. Við erum ekki bara að selja heldur einnig að þjónusta og fylgja öllum þáttum eftir þannig að allt verði gert eins og best verður á kosið fyrir okkar viðskiptavini," segir Helgi Axel, vélfræðingur og rafíðnfræðingur.

#### Sterkir og góðir trefjaplastbátar

Hrafn segir að bátasmíðja Bredgaard Boats bjóði að hans mati valkosti sem ekki hafi sést hér á Íslandi áður þegar lítið sé til styrkleika og gæða báta. Nýi Bárður verður stærsti trefjaplastbátur sem smíðaður hafi verið fyrir íslenskan útgerðarmann, tæplega 27 metra

langur og 7 metra breiður.

„Borghen Yacht Design í Danmörku sem er með áratuga reynslu

í hönnun báta, hannaði og teiknaði nýjan Bárð SH í samvinnu við Pétur útgerðarmann. Við höfum

selt vélbúnað um borð í íslenska plastbáta í áratugi en höfum aldrei séð flottari og vandaðri vinnubrögð á nokkrum bát eins og þessum. Snurvoðarspil, netatromla og stjórnbúnaður fyrir snuðvöðina verður með því fullkornasta sem þekktist en búnaðurinn verður tölvustýrður með snertiskjá. Hann kemur frá AS-Scan í Danmörku og sérfræðingar frá sama fyrirtæki leggja einnig allt vökvakerfið í báttinn. Vökvadælar og lokar koma frá Landvélum. Það er víða komið við í þessu og þetta verður gríðarlega öflugur bátur í alla staði og vandaður.“

Eftir afhendingu bátsins í Röðby verður siglt til Boa Tech í Danmörku þar sem allur dekkbún-

aður verður settur í bátinn, þ.e. þvottakör, fiskimóttaka og annar búnaður á dekki.

#### Hafa trú á að fleiri fylgi í kjölfarið

„Þegar menn átta sig á öllum kostum þessa báts og gæðum búnaðarins verður bjartsýnir á að menn flykkist um borð í hann til að skoða og sjái hve vandaður gripur þetta er og fari að leita til Danmerkur eftir nýjum bátum. Ég er viss um að með þessum nýja Bárði hefjist nýr kafli í smíði plastbáta fyrir íslenskar útgerðir. Vinnan er einstaklega vönduð og verðið mjög gott,“ segir Hrafn.

[aflhútur.is](http://aflhútur.is)

# KLÁRIR Í BÁTANA



## RAFGEYMAR OG HLEÐSLUTÆKI



Hleðslutæki



AGM þurrir eða lokaðir sýru rafgeymar fyrir tæki og bátarúllur.



Öflugir start rafgeymar

**TUDOR**

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

Bildshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

## Allir menntaðir vélfræðingar

„Við vorum upphaflega sex sem stofnuðum fyrirtækið árið 2006. Síðan skildu leiðir eftir fyrsta árið en ég og Björn Jóhann Björnsson höldum áfram með fyrirtækið. Við Björn útskrifuðumst saman úr Vélskóla Íslands árið 1980 og höfum allar götur síðan verið góðir félagar. Við unnum þó á sitt-hvorum staðnum, hann hjá Vélsölunni og ég var í mörg ár hjá Merkúr svo við vorum keppinautar þá. Svo atvikaðist það þannig að við hættum á sama tíma, hann hjá Vélsölunni og ég hjá Marás, þar sem ég var í eitt ár. Þá stofnuðum við Aflhúti og höfum síðan verið að byggja þetta fyrirtæki upp. Helgi Axel Svavarsson kom svo inn í fyrirtækið í byrjun 2017 og er orðinn einn af hluthöfum. Hann var framkvæmdastjóri hjá fyrirtæki Ásaflí í nokkuð mörg ár. Við erum því þrír starfsmenn sem allir eru jafnframt hluthafar. Allir menntaðir vélfræðingar með réttindi sem slíkir en Helgi er auk þess rafíðnfræðingur. Starfsemin er byrjuð að sprengja utan af sér þannig að við erum farnir að huga að ýmsum hlutum til framtíðar,“ segir Hrafn.



[www.icelandfishexpo.is](http://www.icelandfishexpo.is)



# *SJÁVARÚTVEGUR 2019*

**Iceland Fishing Expo/Sjávarútvegur verður  
haldin daga 25.-27. september 2019  
í Laugardalshöll**

Frekari upplýsingar og þáttökuskráning:  
olafur@ritsyn.is. Sími 698 8150.  
inga@ritform.is (áður Athygli). Sími 898 8022.

Glæsileg sýning bæði á inni- og útisvæði



**ICELAND FISHING EXPO**  
Sjávarútvegur 2019

Laugardalshöll | Reykjavík

25.-27. september 2019



# Þekkt íslenskt aflaskip fer í þjónustu við olíu-iðnað Norðmanna

„Við ákváðum að fara út í þetta bara af því að við Ómar höfum svo oft verið spurðir hvort við gætum tekið að okkur verkefni, en við höfum aldrei verið með eigin bát. Við ákváðum svo að taka slaginn þegar við fundum góðan bát og maður sem við höfum áður verið að vinna með slóst í hópinn. Okkur fannst það góð viðbót því hann hefur verið laginn við að útvega samninga. Við höfðum ekki reiknað að með að vera komnir af stað fyrr en um næstu mánaðamót eða svo, en þá var kallinn kominn með samning strax við Statoil. Ætlunin hafði verið að fara í bergmálsrannsóknir en í staðinn verðum við vaktbátur við olíuborfall hjá Statoil,“ segir Brynjólfur Sigurðsson, skipstjóri, en hann hefur ásamt skipstjórunum Inga Torfa bróður sínum og Ómari Erlingssyni og norsku aðilum keypt bátinn Jökull PH til að gera út sem þjónustuskip við norska olíu-iðnaðinn. Báturinn hét upphaflega Súlan EA og var gerður út frá Akureyri en fær nú nafnið Nord en verður skráður í Grindavík.

**Mikil fjölbreytni í verkefnum**  
„Þessi verkefni sem við erum að fara í eru þau sömu og við erum búinir að vera við síðustu árin, alls kyns verkefni fyrir olíu-iðnaðinn,“ segir Brynjólfur sem er búinn að

vera í þessu sem skipstjóri í um átta ár og Ómar í 12 ár og þeir vita því vel hvað þeir eru að fást við. Brynjólfur var skipstjóri á flutningaskipum áður en fór síðan í þjónustu við vindmillur á hafi úti í Norðursjó. Þar starfar Ingi Torfi bróðir hans nú og hefur gert lengi. Brynjólfur var þar í rúmum árum áður en hann fór í skipstjórn á þjónustubátum fyrir olíu-iðnaðinn og rannsóknir af ýmsu tagi.

„Það sem heldur manni við þetta er að í þessu er svo mikil tilbreyting. Maður veit aldrei hvað skeður á morgun. Það er kannski svolítill áhætta fólgin í því að fara út í þennan bransa á eigin skipi en við erum búinir að vera lengi í þessu og höfum góð sambönd og reynslu, sem kemur okkur til góða. Við höfum góðan grunn til að meta stöðuna og nú er að færast líf í olíu-iðnaðinn á ný. Mörg verkefni voru sett á ís fyrir nokkrum árum en eru að fara í gang aftur svo það verður örugglega nóg að gera hjá okkur,“ segir Brynjólfur.

## Í kapphlaupi við tímann að gera klárt

Hann segir að þeir Ómar hafi lengi verið að spá í þetta en aldrei orðið neitt úr. Þeir hafi verið í verkefnum og ekki haft tíma til að hugsa um þetta fyrr en nú. Alltaf hafi strandað á því að þeir hafi ekki ver-



■ Brynjólfur Sigurðsson og Ómar Erlingsson gjörþekkjast í þjónustu við olíu-iðnaðinn í Noregi en munu nú taka verkefni á þessi sviði á eigin forsendum.



■ Jökull PH hét áður Súlan EA en fékk núna nafnið Nord og er skipið þegar komið til Noregs til að sinna þar verkefnum.

ið með bát kláran. Nú hafi rétti tíminn hins vegar komið.

„Við höfum staðið á haus síðustu vikurnar eftir að við fengum skipið afhent. Verið að vinna í því sjálfir yfir 100 tíma á viku og verið í kapphlaupi við tímann til að missa ekki samninginn. En maður verður að leggja aðeins á sig þegar maður er að byrja. Þetta er bara

þannig. Maður er búinn að vera svo lengi í skipstjórastólnum að vinnan við að gera skipið klárt var kannski eins og að henda gömlum atvinnumanni í fótbolta aftur inn á völlinn og láta hann spila þrjá leiki á einni viku. Það hefur einfaldlega verið brjáláð að gera hjá okkur.

Svo vil ég nefna það að starfsmenn Samgöngustofu hafa verið

mjög liðlegir við okkur og gerðu okkur kleift að komast af stað í tíma. Þetta hefði aldrei hafst ef þeir hefðu ekki verið svona hjálpsamir.“

## Gamalt en gott skip

Brynjólfur segir að báturinn sé mjög góður þó hann sé orðinn gamall. Þykktarmæling og öxulmæling hafi komið vel út, sem og önnur próf. Báturinn eigi því mörg ár eftir. Það sé leiðinlegt að sjá marga nothæfa báta liggja ónotaða eða senda í brotajárn, af því einhverjir kvótageifar sitji á öllum kvótanum.

„Rautt er rétti liturinn og rétti flokkurinn. Liturinn kemur vel út,“ segir hann um litinn á Nord sem nú er kominn í verkefni í Noregi. Nafntogað skip úr fiskveiðum á Íslandi nú í nýjum verkefnum.

# Allt fyrir ferskleikann

60x40 kassalínan frá Tempru er hagkvæmari, sterkari og veitir lengra geymsluþol



Gleðilega sjómannaðagshátíð!

10, 13 og 15 kg línan er þannig hönnuð að hún viðheldur ferskleika matvöru lengur en sambærilegar umbúðir.

Kostir nýju kassanna eru eftirtaldir:

- aukin lengd og rúmtak leiða til betri meðferðar á afurðum
- stærð kassanna er 60 x 40 sm og staflast þeir betur á vörubrettin
- vegna aukins styrks er hægt að stafla í hærri stæður en áður
- lengri fiskflök raðast betur innan kassa
- meira rými er fyrir ís eða kælimottur
- rúnnað hornin auka einangrun og lengja geymsluþol
- breytt hönnun á hornum gerir kassana sterkari en áður
- betri einangrun næst með þéttari stöflun á bretti

Temprukassarnir eru undirstaða þess að íslenskur fiskur kemst ferskari til neytenda um allan heim.



**TEMPRA**  
einangrun – umbúðir



# Nýr Bárður SH sjósettur í júní

„Það er búið að ákveða sjósetningu á nýjum Bárði þann sjötta júní. Síðan taka við einhverjar prufukeyrslur og svo á eftir að setja í hann svolítinn búnað. Ég á því von á því að allt verði klárt í júlíbyrjun. Þetta er bátur sem er skráður rétt innan við 24 metra langur og 7 metrar á breidd. Þetta er ansi mikil breyting fyrir mann. Það stóð reyndar ekki til að hafa hann alveg svona stóran fyrst þegar maður var að spá í smíðina. Svo vill þetta togast og teygjast þegar maður fer að skoða málið betur. Þá var ákveðið að fara að 24 metra markinu og útbúa bátinn fyrir dragnót líka.“ Þetta segir Pétur Pétursson, útgerðar- maður Bárðar SH á Arnarstapa. Hann tekur við nýjum miklu stærri bát í sumar og segir ýmsa möguleika opnast við það. Nýi Bárður er stærsti plastfiskibátur flotans.

## Mikil breyting

Þetta verður mikil breyting fyrir okkur því við höfum bara verið nær eingöngu á netum árum saman. Nú fáum við möguleika á því að fara á snurvoðina líka. Við erum í aflamarkskerfinu gamla og höfum alltaf verið þar.“ En hverjar eru heimildirnar, er nægur kvóti? „Nei, nei, ekki næstum nógur. Ætli við séum ekki með um 900 tonna heimildir í þorskígildum. Það er langmest þorskur.“



■ Pétur Pétursson um borð í Bárði SH. Hann er stór smábátur en sá nýi verður enginn smá bátur, enda stærsti plastfiskibátur íslenska flotans.

Þetta er mikil stækkun, en gamli Bárður SH er 30 brúttótonn að stærð. „Það er ansi spennandi að fara út í þetta. Mikil fiskigengd hefur verið við Snæfellsnesið undan farin ár. Maður hefur því oft þurft að fara tvær ferðir á dag og báturinn fullur af fiski og netum. Því hefur plássíð verið lítið og erfitt að vera alltaf svona hlaðinn og landa tvisvar á dag. Það lengir daginn ansi mikið þó stutt sé á miðin. Aldrei minna en þrjá til fjóra klukkutíma,“ segir Pétur.

„Við erum að setja 16 til 18 tonn í kórum í bátinn en höfum mest verið að landa úr honum um 20 tonnum. Í nýja bátinum verður hægt að vera með kór fyrir 55 tonn. Allt verður miklu stærra, öðruvísi og betra. Þetta verður nýr heimur.“

## Hefur líkað vel við plastbátana

Grunnhugmyndin að hönnuðum bátsins er frá Pétri komin. „Við höfðum samband við skipasmíðastöðina Bredgaard Boats úti í Danmörku. Ég var með ákveðnar hugmyndir að þessu öllu og kynnti þeim þær. Þeir voru svo með bátahönnuð sem teiknaði bátinn upp. Þetta eru hugmyndir sem þekktar eru úr bátum hérna heima en stillt upp eftir mínu höfði. Eini munurinn á þessum bát og öðrum bátum af svipaðri stærð er að hann er úr trefjaplásti en ekki stáli. Mér hefur líkað vel við þessa plastbáta sem ég hef átt. Þeir hafa reynst vel og því ákvað ég að halda mig við plastið enda hefur það marga kosti umfram stálið. Það á svo eftir að koma í ljós hvernig svona stór plastbátur



■ Nýi báturinn í smíðum í Danmörku. Hann verður sjósettur sjötta júní.



■ Núverandi Bárður utan við Arnarstapa. Spurningin er hvort sá nýi kemst þar inn.

virkar. Hvort það var rétt ákvörðun að velja plast frekar en stál, en ég hef fulla trú á plastinu.“

## Meiri fjölbreytni með stærri bát

Fyrirtækið Aflhlutir í Hafnarfirði er umboðsaðili fyrir dönsku skipasmíðastöðina hér á landi. Vélbúnaður kemur einnig að langstærstum hluta frá frá Aflhlutum, m.a. aðalvél, skrufuvelar og ljósavél. Siglingatæki eru af gerðinni Furuno frá Brimrúnu ehf., spilin og ankerisvindur eru frá As-Scan og krapavél frá Kælingu ehf. Björgunarbúnaður verður frá Viking.

„Við höfum leigt til okkar svolítið af kvóta og svo er ég með heimildir í litla kerfinu, sem ég hef getað skipt á. Við höfum einnig verið í góðu samstarfi við Þórsnes í Stykkishólmi. Höfum landað hjá þeim á vertíðinni og fengið heimildir á móti. Við höfum verið að taka um 1.500 til 1.600 tonn upp úr sjó á ári undanfarin ár. Það er aldrei að vita hvort það verður ekki eitthvað meira á nýja bátinum.“

Maður reynir alltaf að stefna fram á við en með stærra skipi gerir maður sér þetta aðeins auðveldara og hefur möguleika á að veiða aðrar tegundir en þorsk, til dæmis kola og ýsu og auka þannig fjölbreytnina í útgerðinni.“

## Róa frá Ólafsvík og Arnarstapa

Pétur og áhöfn á Bárði SH hefur róið frá Ólafsvík og Arnarstapa, allt eftir því hvort hann blæs að norðan eða sunnan. „Maður er alltaf að leita að landvari á þessum minni bátum. Það er alltaf best að vera í skjólinu hvort sem maður er stór eða lítil,“ segir hann.

Höfnin á Arnarstapa er nokkuð þröng og Pétur segir að erfitt verði að komast þar inn á nýja bátinum nema við bestu aðstæður. Reyndar standi til að dýpka höfnina þar, þannig að báturinn muni fljóta þar inn, en það þurfi að vera stillt og gott til að það gangi. Vissulega segir hann að það yrði gaman að koma með bátinn á Arnarstapa.

# Allt um borð

Allt fyrir bátinn á einum stað

ARG og Seakeeper  
stöðugleikabúnaður

Helac  
snúningsliðir

Halyard  
púströr og barkar

BT Marine  
skrúfur

Tides Marine  
öxulþétti

Ambassador  
skrúfuhnífar

Marsili  
stýrisbúnaður

Scam og Westerbeke  
ljósavélar

Wesmar og Keypower  
bógskrúfur

Guidi  
fittings og lokar

TMP og Heila  
kranar

ZF og D-I  
gírar

FPT, Doosan og Hyundai  
aðalvélar

Tecnoseal  
zink

Whale og CIM  
lensi- og ferksvatnsdælur

Ásafl óskar sjófarendum um land  
allt gleðilegs sjómanna dags

Ásafl ehf.

Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði

Sími: 562 3833

Opið 8:30 - 17 virka daga

asafl@asafl.is



Facebook  
Ásafl



Instagram  
asafl.is



ÁSAFL  
asafl.is





FLATEYRI

ÓLAFSJÖRÐUR

HÚSAVÍK

SAUÐÁRKRÓKUR

AKUREYRI

Við erum hér:

HAFNARFJÖRÐUR

ÞORLÁKSHÖFN

VESTMANNAEYJAR

# Sjómenn!

## Til hamingju með daginn

Starfsfólk Ísfells óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með Sjómannadaginn.



## ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28  
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500  
[www.isfell.is](http://www.isfell.is), [isfell@isfell.is](mailto:isfell@isfell.is)





# Við flytjum þetta saman

Skórnir þínir. Kaffið í bollanum. Pappírinn í blaðinu sem þú ert að lesa...Ef þú hefur notað það, þá höfum við líklega flutt það til landsins. Og ef þú ert að hugsa um að flytja eitthvað milli landa eða landshluta ættirðu að hafa Samskip í huga. Við erum með skip, bíla, gáma, lestar og vöruhús – en umfram allt fólkið sem hugsar út fyrir gáminn með þér – til að finna bestu leiðina hverju sinni fyrir þig og umhverfið.

**Saman náum við árangri**

**samskip**

Saman náum við árangri